



# Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: [www.bb.is](http://www.bb.is) · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur  
12. maí 2011  
19. tbl. · 28. árg.



**Vantar þig íbúð  
til leigu?**

Hafðu samband!  
sími: 456 6600



**N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI**  
SÍMI: 456 3995  
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17



## Rokkstjór- inn og börn- in hans

„Mér finnst einhvern veginn mikilvægt að hafa gaman af þessu lífi og gera hluti sem er ögrun í,“ segir rokkstjórinn Jón Þór Þorleifsson. Á miðopnu í dag segir þessi fóstursonur Ísafjarðar frá þeim fjölmörgu gæluverkefnum sem hann kallar börnin sín, velheppnaðri hátíð og áformum sínum um að verða farfugl á Vestfjörðum.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI  
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| [www.flytjandi.is](http://www.flytjandi.is) | sími 525 7890 |

**EIMSKIP**  
Flytjandi



# Segir bæjarstjórn sýna æðri menntun óvirðingu

Stjórn foreldrafélags Grunnskólans á Ísafirði hefur ritað bæjarfulltrúum Ísafjarðarbæjar bréf vegna ráðningar sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs.

„Við í stjórn foreldrafélags Grunnskólans á Ísafirði sjáum okkur knúin til að skrifa þetta bréf. Ástæðan er fyrirhuguð ráðning í stöðu sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs hjá Ísafjarðarbæ.

Við fyrstu fréttir urðum við orðlaus. Til að byrja með neituðum við að trúa því að ekki ætti að ráða hæfasta umsækjandann í stöðuna. Við vildum trúa því að Ísafjarðarbær vildi börnum sínum og unglingum aðeins það besta, sem í þessu tilviki væri að ráða þann umsækjanda sem mestu menntunina hefði og mestu reynsluna af skólamálum, bæði

sem stjórnandi í skóla og menntun í sérkennslu, sem er gríðarlega mikilvægur þáttur í öllu skólastarfi,“ segir í bréfi foreldrafélagsins. Enn fremur segir þar:

„Við teljum það alls ekki við hæfi og gefa röng skilaboð út í samfélagið að menntun sé virt að vettugi eins og hér er gert. Það er alls ekki við hæfi að yfirmaður skólamála í Ísafjarðarbæ

sé með minni menntun en þeir stjórnendur sem munu heyra undir sviðið.

Við í stjórn foreldrafélagsins skorum á ykkur að líta framhjá flokkspólitík og setja börnin okkar í fyrsta sæti. Það eru þau sem eru framtíðin okkar og öll hljótum við að vera sammála um að vilja hag þeirra sem mestan og bestan. Við hvetjum ykkur til að

virða mikilvægi menntunar. Það er erfitt að hvetja börnin okkar áfram í að mennta sig til ábyrgðarstarfa í framtíðinni þegar við horfum á bæjarstjórnina okkar sýna æðri menntun þá óvirðingu sem hér er gert,“ segir í bréfi foreldrafélagsins, sem Sóley Veturlíadóttir, formaður félagsins, skrifar undir.


– kte@bb.is

## Nýtt ræsi í Sundahöfn umhverfisslys?

Hafsteinn Ingólfsson kafari á Ísafirði varð var við mengun vegna nýs ræsis í Sundahöfn á Ísafirði þegar hann var við hreinsun í höfnunum Ísafjarðarbæjar í síðustu viku. Ræsið stendur út úr Mávagarði. Hafsteinn var við árlega hreinsun við hafskipakantinn í Sundahöfn þar sem meðal annars skemmtiferðaskipin sigla inn og kvaðst allt í einu hafa verið kominn í hvíta og bleika drullu.

„Ég áttaði mig strax á því að hvað þetta væri, þar sem þarna hefur verið sett ræsi frá rækjuverksmiðjunni Kampa á mjög óhentugum stað. Þessu þarf að breyta því þetta er hreinlega umhverfisslys þar sem drullan úr ræsinu fer beint í höfnina. Það var byrjað að falla út um morguninn þegar ég var að hreinsa og allt var á leiðinni út en síðar um daginn var enn fullt af þessu.“

Hafsteinn er annar eigandi ferðapjónustunnar Sjóferða Hafsteins og Kiddýjar og snertir þessi vandi hann einnig í þeim geira. „Maður er að botnhreinsa bátana núna fyrir sumarið og þarf svo að setja þá ofan í þessa rækjudrullu.“ Hafsteinn segir að finna verði lausn á þessu þar sem þetta



Bleikur blær á sjónum í Ísafjarðarhöfn.

sé ófremdarástand. „Ræsið er lagt á léttasta háttinn sem mögulegt er í staðinn fyrir að fara með

þetta 100-200 metra út í sjó.“ Guðmundur M. Kristjánsson hafnarstjóri staðfesti vandann og

sagði það hvítleitt að sjórinn skuli vera svona mengaður. Hins vegar heyri það ekki undir

höfnina þar sem um frárennslismál Ísafjarðarbæjar væri að ræða. – thelma@bb.is

## Segja ráðningu sviðsstjóra pólitískt bitbein

„Leikskólastjórar Ísafjarðarbæjar vilja mótmæla þeim vinnubrögðum sem hafa viðgengist í ráðningarferli vegna sviðsstjórastöðu Skóla- og tómstundasviðs,“ segir í ályktun sem fimm leikskólastjórar bæjarins samþykktu á fundi sínum í síðustu viku. „Sú umræða sem verið hefur í samfélagi okkar síðustu daga bendir til þess að ráðning sviðsstjóra sé orðin pólitískt bitbein meiri- og

minnihluta og aðrir vel menntaðir og hæfir umsækjendur hafi þurft að gjalda fyrir það. Við beinum því til kjörinna fulltrúa okkar að hafa grunngildi nýrrar skólastefnu Ísafjarðarbæjar, sem er í vinnslu, til viðmiðunar í þessu máli, virðingu, ábyrgð, metnað og gleði, í stað þess að gleyma sér í pólitísku þjarki þar sem sigur á andstæðingnum er það eina sem skiptir máli,“ segir enn fremur í

ályktuninni sem var send á kjörna bæjarfulltrúa, bæjarstjóra og bæjarritara.

Í niðurlagi ályktunarinnar eru gildi skólastefnunnar útlustuð nánar:

„Virðing: Sýnið umsækjendum þá virðingu að meta hæfni þeirra og menntun á sanngjarnan hátt þar sem hærri menntunarstig eru herra metin en lægri og hæfni þeirra út frá verkum þeirra en ekki

pólitískri stöðu. Ábyrgð: Sýnið þá ábyrgð í starfi að vinna af heilindum fyrir alla íbúa samfélagsins og takið ákvarðanir sem þið getið staðið með kinnroðalaust. Metnaður: Sýnið metnað í starfi og verki. Takið þátt í að móta samfélag þar sem metnaður og fagleg vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi í allri stjórnsýslu bæjarins. Þið eruð fyrirmyndir og talsmenn samfélagsins út á

við. Ykkar gjörðir eru okkar spegilmynd. Gleði: Gefið starfsfólki kost á að njóta verka sinna og þeirrar gleði sem því fylgir að gera vel en ekki að pólitík sé stökkpallur á framabraut.

Að lokum viljum við benda á, að allir umsækjendur eru manneskur sem eiga skilið að um þá sé rætt af virðingu,“ segir í ályktun leikskólastjóra Ísafjarðarbæjar. – kte@bb.is



**Samkaup**

**úrval**

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar 12. - 15. maí



**Góð kaup!**

698

**558** kr/pk

**Grillborgarar 4 stk**

með brauði, frá Bautabúrinu



**30% afsláttur**

2.198

**1.539** kr/kg

**Piri Piri grísahnakki**

frá Goða

**Góð byrjun á björtum degi!**



**Mangó**

...sjá Mangó með jógúrti og granóla á [samkaupurval.is](http://samkaupurval.is)

**50% afsláttur**

**229** kr/kg

verð áður 458 kr/kg



**30% afsláttur**

1.798

**1.259** kr/kg

**Kalkúnasneiðar á grillið**

frystar, frá Ísfugli



**Góð kaup!**

1.449

**1.195** kr/kg

**Grill svínakótilettur**

reyktar, frá Kjötseli

**...frábært verð!**



**X-tra**

**SALT**

**X-tra flögur**

400g

**298** kr/pk



**X-tra**

**X-tra franskar kartöflur, frystar, 1 kg**

**298** kr/pk



**35% afsláttur**

3.798

**2.469** kr/kg

**Nauta "Rib Eye"**

úr kjötbörði eða pakkað ferskt



**X-tra**

**X-tra lakkrískonfekt**

180g

**139** kr/pk



**X-tra**

**Baguette**

**X-tra hvítlauksbrauð fryst, 175g**

**99** kr/stk

**...einstök þjónusta í góðum verslunum**

sjá fleiri sparnaðartilboð og uppskriftir á [samkaupurval.is](http://samkaupurval.is)





Stúlkurnar voru alveg með á hreinu hve mikilvægt er að hugsa vel um umhverfið.

# Leikskólabörn hugsa vel um umhverfið

Að undanfögnu hafa staðið yfir miklar breytingar á sorphirðu-kerfi í Ísafjarðarbæ og af því tilefni fór blaðamaður í heimsókn til yngstu íbúa sveitarfélagsins til að kanna hvernig flokkun og endurvinnsla leggst í þá. Á leikskólanum Eyrarskjól taka börnin þátt í þessu ferli til að auka vitund þeirra fyrir mikilvægi góðrar sorphirðu fyrir umhverfið. Í heimsókninni kom í ljós að margir eldri íbúar Ísafjarðarbæjar mega taka börnin til fyrirmyndar en þau eru með margt á hreinu hvað varðar þessi mál.

Er blaðamaður bar að garði voru elstu stúlkurnar að mála niðurklipptar AB-mjólkurfernur til að útbúa úr þeim páskaegg til skreytingar. Með þeim var leikskólakennarinn Erna Jónsdóttir sem rifjaði upp tilraun sem gerð var með börnunum til að skerpa vitund þeirra gagnvart sorphirðu.

„Við fórum fyrir í vetur í Jónsgarð með elstu börnin og tókum með okkur ávaxtarusl, plast, tré og ál utan af sprittkertum. Þetta grófum við ofan í jörðina og fórum svo nokkrum vikum seinna og grófum það upp aftur. Þarna sáu þau með berum augum hvað getur breyst aftur í mold og hvað

ekki.“

„Ávaxtaruslið var eins og hor,“ segja stelpurnar og finnst greinilega mikið til um breytinguna. Margar hverjar segjast hafa viljað setja fræ með svo þarna myndi vaxa ávaxtatré. Hins vegar var engin breyting á plast- og álruslinu.

Erna segir börnin oft taka með sér ruslapoka í gönguferðir um umhverfið og tína upp rusl sem oftast er nú nóg af.

„Þeim hreinlega blöskrar oft að sjá allt ruslið og sóðaskapinn. Einhvern tímann vorum við á gangi á höfninni þegar ungt fólk sem var að kjafta saman í kyrrstæðum bíl henti rusli beint út um gluggann. Stelpurnar voru alveg gapandi yfir þessu. Hvað væri eiginlega að þessu fólki sem færi svona illa með jörðina okkar.“

Við fórum oft í Jónsgarð og þar er oft að finna mikið rusl, sem þeim finnst mjög leiðinlegt því það er leynistaðurinn þeirra. Við reynum því alltaf að taka með poka til að halda umhverfinu hreinu í kringum okkur.

Það er ótrúlega gaman að fara í gönguferð með þeim og heyra hvað þær eru skoða og pæla í.“

## Endurunnar jólagjafir



Erna Jónsdóttir með einn af mörgum hlutum sem leikskólinn hefur útbúið úr verðlausu rusli.

Krakkarnir taka þátt í að flokka ruslið, eins og til dæmis skola mjólkurfernur og nýta það til föndurs eins og stúlkurnar voru að gera. Þá fara krakkarnir stundum með kaffikorg og kalk og bera grænmetisgarð leikskólans til að auka næringuna í moldinni. Skyrdollur eru notaðar undir liti og pensla, dagblöð notuð til að búa til páskaegg úr pappmassa. Þarna má einnig sjá

ýmis listaverk sem búin eru til úr því sem aðrir telja verðlaust rusl.

Þá gerðu mörg leikskólabörnin jólagjafir fyrir foreldrana úr endurunnum og heimatilbúnum pappír.

„Við tókum saman notaðan pappír og settum út í fíflablöð og pressuðum í nýjan pappír sem börnin skreyttu og saumuðu saman bækur. Það er einnig hægt að bæta við rósablöðum og öðru slíku og það kemur mjög skemmtilega út. Það má gera ýmislegt ef maður bara hefur ímyndunaraflíð til þess,“ segir Erna.

## Allt nýtt sem hægt er

Starfsfólk og börn leikskólans nýta margt sem aðrir telja rusl.

„Við fáum umbúðapappír sem kemur með sendingum til Mjólkurstöðvarinnar sem klipptur er niður og notaður í föndur. Síðan var okkur boðið í Sparisjóðinn um daginn þar sem við fengum umslóð og pappír sem annars átti að henda. Við erum mjög dugleg við að nýta allt sem við getum og erum með alla anga úti

að útvega okkur meira efni,“ segir Erna.

Þótt ljóst sé að slík nýtni sé góð fyrir fjárhaginn ekki síður en umhverfið segir Erna þetta þó ekki stafa af niðurskurði sem hrjáir fræðslugeirann um allt land.

„Við höfum alltaf gert þetta. Ég hef unnið hérna meira og minna síðan ég var 18 ára og ég man ekki eftir öðru hérna.“

Stúlkurnar taka undir með Ernu að hægt sé að gefa ýmsum hlutum nýtt líf, þá finnst þeim sérstaklega skemmtilegt er Erna segir þeim dæmi um að stígvél hafi verið nýtt sem blómapottur. Þá eru þær allar með á hreinu hvort að nýju ruslatunnurnar séu komnar á þeirra heimili og margar segjast taka þátt í flokkuninni heima fyrir. Aðspurðar af hverju það sé mikilvægt að sinna sorphirðu vel stendur ekki á svörum en þær eru allar sannfærðar um að hugsa verði vel um umhverfið. Ein þeirra tók svo sterkt til orða að annars værum við að drepa jörðina.

– thelma@bb.is



Stúlkurnar nýttu tómar AB-mjólkurfernur til að útbúa páskaegg.





## LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

# Starfsemi á árinu 2010

(Allar fjárhæðir í milljónum kr.)

| Efnahagsreikningur:                              | 31.12.2010    | 31.12.2009    |
|--------------------------------------------------|---------------|---------------|
| Fasteignir                                       | 33            | 33            |
| Verðbréf með breytilegum tekjum                  | 10.967        | 11.439        |
| Verðbréf með föstum tekjum                       | 15.328        | 13.305        |
| Veðlán                                           | 563           | 585           |
| Fullnustueignir                                  | 0             | 0             |
| Kröfur                                           | 616           | 492           |
| Aðrar eignir                                     | 344           | 148           |
| Skuldir                                          | -1.189        | -861          |
| <b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>          | <b>26.661</b> | <b>25.144</b> |
| Breytingar á hreinni eign                        | 2010          | 2009          |
| Löggjöld                                         | 1.051         | 1.027         |
| Lífeyrir                                         | -793          | -783          |
| Fjárfestingartekjur                              | 1.358         | 2.111         |
| Fjárfestingargjöld                               | -23           | -14           |
| Rekstrarkostnaður                                | -76           | -66           |
| Hækkun á hreinni eign á árinu                    | 1.517         | 2.275         |
| Hrein eign frá fyrra ári                         | 25.144        | 22.869        |
| <b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris</b> | <b>26.661</b> | <b>25.144</b> |
| Kennitölur                                       | 2010          | 2009          |
| Nafnávöxtun                                      | 5,2%          | 9,1%          |
| Raunávöxtun                                      | 2,6%          | 0,5%          |
| Vísitöluhækkun                                   | 2,6%          | 8,6%          |
| Eignir umfram heildar skuldbindingar %           | -8,2%         | -11,8%        |
| Eignir í ísl. kr. %                              | 69,0%         | 61,9%         |
| Eignir í erl. gjaldmiðlum %                      | 31,0%         | 38,1%         |
| Fjöldi greiðandi sjóðfélaga                      | 3371          | 2944          |
| Fjöldi lífeyrisþega                              | 1688          | 1647          |

### Afkoma

Nafnávöxtun sjóðsins 2010 var 5,2% sem jafngildir 2,6% raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins sl. 10 ár er 0,4%. Ávöxtun innlendra hlutabréfa á árinu var 10,3%, erlendra verðbréfa -3,6%, veðskuldabréfa 5,7%, markaðsbréfa fyrirtækja -6,5%, skuldabréfa sveitarfélaga 5,3% og ríkisskuldabréfa 5,4%.

### Séreign

Árið 2010 einkenndist af útgreiðslum úr séreignardeild vegna breytinga á lögum um lífeyrissjóði þar sem sjóðfélögum yngri en 60 ára var heimilað að taka allt að 5 millj. kr. út af séreign á 2 árum. Greiddar voru úr séreign 40 milljónir kr. og þar af voru 17 milljónir kr. vegna lagabreytinganna. Eignir séreignardeildar eru í eignastýringu hjá Íslenskum Verðbréfum hf. og allar í virkri stýringu. Hrein eign séreignardeildar í árslok var 447 milljónir og hafði hækkað um 28 milljónir frá fyrra ári. Nafnávöxtun ársins var 11,8% sem jafngildir 9,2% raunávöxtun. Meðaltals raunávöxtun sl. 5 ár er 2,5%.

### Tryggingarfræðileg staða

Staða sjóðsins er innan þeirra marka sem bráðabirgðaákvæði laga um lífeyrissjóði setur.

### Ársfundur 2011

Ársfundur sjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 25. maí nk. kl. 18,00 á Hótel Ísafirði. Fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum og lífeyrisþegum með málfrelsi og tillögurétt. Hvetur stjórn sjóðsins sem flesta sjóðfélaga til að mæta á fundinn. Þátttaka staðfestist við skrifstofu sjóðsins í síðasta lagi 24. maí í síma 456-4233 eða með tölvupósti á [afgr@lvest.is](mailto:afgr@lvest.is). Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

### Stjórn sjóðsins

Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður  
Pétur Sigurðsson

Kristján G. Jóhannsson  
Áslaug Alfreðsdóttir

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Guðrún K. Guðmannsdóttir



# Hagnaður af rekstri Bolungarvíkur

Bolungarvíkurkaupstaður var rekinn með 29 milljóna króna hagnaði árið 2010 þrátt fyrir að tekjur sveitarfélagsins hafi dregist saman um 61 milljón króna á milli ára. Áætlun gerði ráð fyrir 34 milljóna króna hagnaði og er því rekstur sveitarfélagsins lítillega undir áætlun. Hagnaður af rekstri A-hluta bæjarsjóðs var 11,4 milljónir króna og hefur þá verið tekið tillit til 14 milljóna króna framlags aðalsjóðs til B-



## Afmæli

Þorsteinn Jóhannesson varð **sextugur** á lokadaginn 11. maí. Í tilefni þess ætlar hann og eiginkona hans, Margrét Kristín að taka á móti ættingjum, vinum og samferðarfólki í Edinborgarhúsinu á Ísafirði, laugardaginn 14. maí frá kl. 17-20.

## Spurningin

Á að reyna að fanga ísbirni sem til landsins koma lifandi?

Alls svöruðu 767.  
Já sögðu 232 eða 30%  
Nei sögðu 422 eða 55%  
Fer eftir atvikum  
sögðu 113 eða 15%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:** Norðanátt og rigning öðru hvoru, en yfirleitt þurrt og bjart á sunnanverðu landinu. Hiti 3-12 stig.

**Horfur á laugardag:** Norðanátt og rigning öðru hvoru, en yfirleitt þurrt og bjart á sunnanverðu landinu. Hiti 3-12 stig.

**Horfur á sunnudag:** Suðvestlæg átt og væta en þurrt Austanlands.



hluta fyrirtækja, sem aðallega er til komið vegna tapreksturs félagslegra íbúða. Hagnaður af rekstri B-hluta fyrirtækja var 17,4 milljónir króna sem skýrist að mestu leyti af 15,2 milljóna króna hagnaði af rekstri Hafnarsjóðs Bolungarvíkur. Þetta kom fram við fyrri umræðu um ársreikninginn í bæjarstjórn Bolungarvíkur á föstudag.

Rekstrartekjur Bolungarvíkurkaupstaðar námu 637 milljónum

króna á árinu 2010 og lækka um 61 milljón króna á milli ára. Þar af námu tekjur A-hluta 512 milljónum og voru þær 26 milljónum undir áætlun. Útsvarstekjur lækka um 59 milljónir króna á milli ára en auk þess lækka framlög Jöfnunarsjóðs um 29% eða 40 milljónir frá fyrra ári. Þá dragast fasteignaskattar lítillega saman á milli ára. Skatttekjur alls lækka því um 101 milljón króna og er það 20% lækkun frá árinu

2009.

Laun og launatengd gjöld A-hluta námu alls 280 milljónum króna árið 2010 og stóðu því í stað frá fyrra ári. Laun í B-hluta hækkuðu hins vegar úr 25 í 30 milljónir, aðallega vegna aukinna umsvifa Bolungarvíkurhafnar. Annar rekstrarkostnaður var 224 milljónir króna og hækkaði um 2 milljónir á milli ára.

Aðrar helstu stærðir í ársreikningi Bolungarvíkurkaupstaðar

fyrir árið 2010 er að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) er 99 milljónir króna og veltufé frá rekstri er 74 milljónir króna. Heildareignir í árslok 2010 eru 1.172 milljónir króna og hafa aukist um 55 milljónir frá fyrra ári. Heildarskuldir og skuldbindingar eru 1.048 milljónir króna og lækkuðu um 68 milljónir á milli ára. Þá tók sveitarfélagið engin ný langtímalán á árinu 2010.

– thelma@bb.is

## Ritstjórnargrein

# Þörfin er brýn – förum með gát

Háttur mörlandans hefur löngum verið að taka allt með trompi. Ef einhver fékk gróðavænlega hugdettu smitaðist hálf þjóðin. Minkaræktin er mörgum í minni. Sem betur fer hefur fáeinum bændum auðnast með miklum dugnaði og hagsýni að sanna gildi minkaræktar sem arðvænlegrar atvinnugreinar. Íslenskir bankar virðast þó enn illa haldnir bitsárum frá fyrri tíma afskiptum, að sögn.

Þrátt fyrir endalaust karp um fiskveiðistjórnunarkerfi, sem eftir áratuga viðverðu hefur skilað sára litlu í verndun fiskistofna, hvarflar vart að nokkrum manni að fiskveiðar við Ísland verði frjálssar á ný. Hvað kvótakerfið áhærir virðist þetta vera það eina sem samstaða er um.

Hversu undarlegt sem það kann að þykja er raunin sú að Íslendingar, sem lengst af hafa átt allt sitt undir því komið sem sótt var í djúp hafsins, hafa nánast í engu hafa látið sig varða umgengnina um auðlindina, hvaða veiðarfæri eru notuð á hverjum stað, stærð skipa á tilteknum veiðisvæðum, eftir því hvort um grunnsævi eða djúpmið er að ræða og friðun hrygningarsvæða, svo dæmi séu tekin. Hvað þetta varðar má segja að afskiptalaus stjórnvöld og hagsmunaaðilar hafi flotið sofandi að feigðarósi. Spellvirki á hafsbotni látin óátalin.

Kemur eitthvað í stað hefðbundinna veiða? Ekki er öll nótt úti hvað það varðar. Þótt vitað sé að leiðin að séðu marki sé í senn

kostnaðar- og áhættusöm fer ekki á milli mála að hverju menn telja að stefna beri, fiskeldi. Ber þar hæst lax- þorsk- og kræklingaelði, þótt fleira komi eflaust til greina.

Almennt er talið að vestfirsku firðirnir henti vel til fiskeldis. Og nú þegar hefur áunnist talsverð reynsla og þekking hvað þetta varðar. En, þetta er langhlaup, eins og það hefur verið orðað og oft hafa komið í ljós þröskuldar sem kostað hefur fé og fyrirhöfn að yfirstíga.

Fram hjá því verður ekki horft að fiskeldi í sjókvíum er inngríp í náttúruna. Því ber að fara með gát. Eitt af því sem gæti skipt miklu máli er tilfærsla á sjókvíum eins og boðað hefur verið að gert verði með reglubundnum hætti við laxeldi á sunnan verðum Vestfjörðum. Í þessum efnum gildir áreiðanlega hið sama um lád og lög. Við verðum að umgangast náttúruna með varúð. Hætta er á að hlífðarlaus, staðbundin svæðisnotkun leiði til ófarnaðar.

Þótt svo fari að helstu nytjastofnar hafsins rétti eitthvað við, sem betur fer hefur örloð á, eru frjálssar fiskveiðar ekki í auglýsni. Ef vel tekst til ætti fiskeldi að geta komið í stað þess sem við höfum glatað að einhverju leyti. Þess vegna er afar þýðingarmikið að vel takist til með atvinnugreinina og að hún verði sem mest atvinnuskapandi í héraði.

s.h.

**Útgefandi:** Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is). **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is). · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, [kte@bb.is](mailto:kte@bb.is). **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, [halldor@bb.is](mailto:halldor@bb.is). **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**



# Segir endurskoðað mat hygla einum umsækjanda umfram aðra

Arna Lára Jónsdóttir, fulltrúi Í-lista í bæjarráði, segist harma hvernig staðið sé að ráðningu sviðsstjóra skóla- og tómtundasviðs, þar sem ekki hafi verið fylgt eftir faglegum sjónarmiðum. „Ljóst er að þær matsaðferðir sem notast var við í ráðningarferlinu voru sérstaklega smíðaðar til að hygla einum umsækjanda umfram aðra, og ekki í neinu samræmi við umfang og ábyrgð sem sviðsstjóri skóla- og tómtundasviðs þarf að hafa,“ segir í bókun sem Arna Lára lagði fram á síðasta bæjarráðsfundi. Þar lagði meirihluti bæjarráðs til að Margrét Halldórsdóttir verði ráðin sviðsstjóri skóla- og tómtundasviðs Ísafjarðarbæjar. Daníel Jakobsson bæjarstjóri gerði bæjarráði grein fyrir umsækjendum um starf sviðsstjóra skóla- og tómtundasviðs Ísafjarðarbæjar, en öllum viðtölum við um-

sækjendur var lokið fyrir stuttu. Umsjón með viðtölum hafði Ragnheiður Dagsdóttir, ráðgjafi hjá Capacent í Reykjavík.

Í bókun Örnú Láru segir jafnframt: „Sá umsækjandi sem meirihluti bæjarráðs gerir tillögu um að ráða hefur minnsta menntun á sviði skólamála af þeim fjórum umsækjendum sem metnir voru hæfastir í matinu og sá eini sem hefur enga framhaldsmenntun á því sviði, sem er fráleitt miðað við þá ábyrgð og skyldur sem fylgja sviðsstjóra skóla og tómtundasviðs. Skóla- og tómtundasvið á að virka sem stoðkerfi fyrir grunnskólana og það slær skökku við að ráða sviðsstjóra sem er með minni menntun en skólastjórnendur, sér í lagi þegar í boði er að ráða umsækjendur sem uppfylla þessar kröfur.

Matið byggir á að þekking á



Arna Lára Jónsdóttir.

grunnskólumálum, leikskólumálum og íþrótt- og tómtundamálum séu lögð að jöfnu, en raunin er sú að íþrótt- og tómtundamál eru ekki nema lítil hluti af starfsemi Skóla- og fjölskyldusviðs. Þetta er einkennilegt sér-

staklega í ljósi þess að ætlunin er færa fleiri verkefni til HSV, og minnka vægi þess málaflokks enn frekar innan sviðsins. Grunnskólamálin vega þyngst á skóla- og tómtundasviði hvað varðar ábyrgð, umfang og fjármagn, matið ætti því að láta þekkingu og reynslu af grunnskólumálum hafa það vægi sem raunin er.

Tillaga meirihluta bæjarráðs Ísafjarðarbæjar gengur framhjá tveimur mun hæfari umsækjendum, hvað þetta atriði varðar. Þar að auki hefur það mat frá Capacent sem liggur til grundvallar þessarar ráðningar tekið miklum breytingum á einni viku í þá átt að hygla einum umsækjanda umfram aðra. Mat Capacent sem lagt var fyrir bæjarráð fyrir viku síðan sýndi fram á að annar umsækjandi væri hæfari en sú sem hér er gerð tillaga um. Bæjarfulltrúar fengu í kjölfarið endur-

skoðað mat sem breytir niður-röðun umsækjenda. Ekki er þetta til að auka trú á faglegum vinnubrögðum við þessa ráðningu.

Það mat á umsækjendum sem liggur fyrir sem forsenda ráðningar sviðsstjóra skóla- og tómtundasviðs gerir markvisst lítið úr þekkingu og reynslu sumra umsækjenda en hífir upp reynslu og þekkingu þess umsækjenda sem hér er tillaga um að ráða. Í því sambandi má nefna þegar lítið er til reynslu af stefnumótun og verkefnastjórnun, breytingarstjórnun, þekkingu á íþrótt- og tómtundamálum.

Það er sorglegt fyrir bæjarbúa og þjónustuþega skóla- og tómtundasviðs að meirihluti bæjarráðs Ísafjarðarbæjar ætli ekki að standa faglega að ráðningu í þetta starf, heldur ætla að láta pólitíska hagsmuni ráða för.“

– thelma@bb.is



Fulltrúar meirihlutans í bæjarráði Ísafjarðarbæjar segja sömu vinnubrögð hafa verið í ráðningarferli sviðsstjóra Skóla- og tómtundasviðs og verið hafa í öllum ráðningum núverandi meirihluta frá upphafi kjörtímabilsins.

## Vilja greinargerð um ráðningarferlið

Fulltrúar meirihlutans í bæjarráði Ísafjarðarbæjar mótmæla harðlega fullyrðingum í bókun fulltrúa Í-listans varðandi ráðningarferli sviðsstjóra Skóla- og tómtundasviðs. „Sömu vinnubrögð hafa verið í þessu ferli og verið hafa í öllum ráðningum núverandi meirihluta og alger

samstaða hefur verið í bæjarráði og bæjarstjórn um þær ráðningar sem hafa verið afgreiddar frá upphafi þessa kjörtímabils. Eins og áður sá ráðgjafarþjónusta Capacent um faglegt utunumhald í ráðningarferlinu,“ segir í bókun sem lögð var fram á síðasta bæjarráðsfundi.

Niðurstaða meirihluta B- og D-lista í bæjarráði var að leggja til við bæjarstjórn að gengið verði til samninga við Margréti Halldórsdóttur um starfið, „enda niðurstaðan fullkomlega byggð á sömu aðferðafræði og fyrri ráðningar,“ segir í bókuninni. „Meirihlutinn hlýtur hins vegar að harma

það að upp komu villur í gögnum frá Capacent á lokastigum málsins, og þó þær hafi ekki haft áhrif á endanlega röðun umsækjenda þá voru þær engu að síður til þess fallnar að kasta rýr á annars faglegt ráðningarferli. Með tilliti til þeirra ágalla sem komið hafa fram í úrvinnslu umsókna fer

meirihluti bæjarráðs fram á að Capacent skili inn greinargerð um ráðningarferlið og niðurstöðu þess.“

Meirihlutinn fagnar því hversu margir vel hæfir umsækjendur sóttu um starf sviðsstjóra Skóla- og tómtundasviðs og þakkar öllum umsækjendum um leið og þeim er óskað velfarnaðar.



# Mistök við útsendingu greiðsluseðla

Mistök voru gerð við útsendingu greiðsluseðla, sem sagðir voru á vegum Súðavíkurhrepps, fyrir síðustu mánaðamót. Kerfisvilla í tölvubúnaði leiddi til þess að greiðendur opinberra gjalda fengu senda tvo greiðsluseðla í stað

eins. Villan kom ekki fram í netbanka.

„Mistökin eru á ábyrgð Landsbankans og eru þeir sem seðlana fengu beðnir velvirðingar,“ segir í tilkynningu frá Súðavíkurhreppi.

— thelma@bb.is

## Félagsheimilið er „Harpa Vestfjarða“

Elfar Logi Hannesson, leikari og stofnandi Kómedíuleikhússins á Ísafirði, segir Félagsheimili Bolungarvíkur vera Hörpu Vestfjarða. Þetta kemur fram á bloggsíðu hans þar sem hann fjallar um opnun tónlistarhússins Hörpu í Reykjavík.

„Fyrir skömmu var nefnilega Félagsheimilið í Bolungarvík opnað að nýju eftir miklar endurbætur sem hafa staðið í nokkur ár. Vissulega voru miklar umræður um framkvæmdina líkt eins og með Hörpu. En núna þegar húsið er tilbúið þá eru allir sáttir að ég tel líka þeir sem voru á móti tiltektinni á húsinu. Þannig er þetta nú bara, sama verður ábyggilega með Hörpuna.

Endurbyggingin á Félagsheimili Bolungarvíkur er líka mjög vel heppnuð og voru gárungarnir fljótir að nefna höllina Hörpu Vestfjarða.“

Elfar Logi bendir á að mikið líf hafi verið í húsinu allt frá því það var opnað á nýjan leik og hann telji að það eigi bara eftir að aukast. „Þarna er allt til alls, bæði hljóðgræjur og ljós og húsið almennt mjög snyrtilegt og með flottan karakter. Manni líður vel um leið og maður kemur inn í húsið. Bolvíkingar, Vestfirðingar og landsmenn allir, til hamingju með Hörpunar fyrir sunnan og vestan. Framundan eru spennandi tímar í listalífi þjóðarinnar.“

— thelma@bb.is



## KNH hefur fengið samþykktu greiðslustöðvun

Verktakafyrirtækið KNH ehf. hefur óskað eftir greiðslustöðvun meðan unnið er að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins. Sigurður Óskarsson framkvæmdastjóri segir ákvörðunina hluta af samningaferli félagsins við lánardrottna.

„Ástæðan er auðvitað það árferði sem ríkt hefur í þjóðfélaginu síðastliðin ár. Eins og mörg önnur verktakafyrirtæki höfum við þurft að glíma við erfiðleika í tengslum við samninga um fjármögnunarleigu og gífurlega hækkan olíuverðs og aðfanga. Þá hafa framkvæmdir í

vetur verið erfiðar og það hefur þrýst á að gengið sé til samninga um fjármál fyrirtækisins. Það hefur í raun lengi legið fyrir að endursemja þyrfti um skuldir fyrirtækisins og sú vinna hefur farið fram í allan vetur. Að höfðu samráði við stærstu lánardrottna félagsins var þetta talið vera óhjákvæmilegt skref í því starfi,“ segir Sigurður.

„Nú tekur við ákveðinn lögreglur ferill. Greiðslustöðvunin nær til 25. maí en við reiknum með að óska eftir framlengingu hennar. Að þeim tíma loknum erum við vongóðir um að

félagið eigi sér bjarta framtíð. Þó þykir okkur að sjálfsögðu leitt að vera knúðir til að fara þessa leið, en miðað við aðbúnað atvinnurekstrar er þessi leið vonandi farsælli en alger stöðvun rekstrarins.“

Engar uppsagnir á starfsfólki KNH eru í farvatninu, að sögn Sigurðar, og greiðslustöðvunin mun ekki hafa áhrif á þau verkefni sem félagið hefur tryggt sér. „Greiðslustöðvunin mun ekki hafa bein áhrif á reksturinn. Verkefnastaða félagsins fram á haust er mjög góð og þetta mun ekki breyta neinu þar um.“

## Sérstök úthlutun aflaheimilda til allra frístundaskipa

Sjávarútvegsráðuneytið hefur samþykkt reglugerð um úthlutun aflaheimilda frístundabáta. Samkvæmt henni er heimilt að úthluta allt að 200 lestum af óslægðum botnfiski á fiskveiðiarinu 2010-11 sem skiptast þannig: Maí 40 tonn, júní 80 tonn, júlí 40 tonn og ágúst 40 tonn. Komi ekki til úthlutunar viðmiðunarafla hvers mánaðar bætast ónotaðar heimildir við viðmiðunarafla næsta mánaðar. Heimildir sem ekki

hefur verið úthlutað 31. ágúst 2011 falla niður.

Gegn greiðslu gjalds er heimilt að úthluta aflaheimildum á skip sem leyfi hefur til frístundaveiða. Fiskistofa annast úthlutun aflaheimilda samkvæmt reglugerð þessari og skal hverju skipi úthlutað að hámarki 2 lestum hverju sinni.

Verð á aflaheimildum skal vera meðalverð í viðskiptum með aflamark í þorski, sem birt er á

vef Fiskistofu, í lok dags daginn áður en umsókn berst Fiskistofu og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Hafi viðskipti með aflamark ekki átt sér stað síðasta virka dag áður en umsókn barst Fiskistofu skal miða við þann dag sem viðskipti fóru síðast fram fyrir þann tíma. Hafi gjald ekki verið greitt innan sjö daga frá því að umsókn barst Fiskistofu fellur réttur útgerðar til úthlutunar á grundvelli umsóknarinnar niður.

## Hætt við sameiningu

Fallið hefur verið frá hugmyndum um sameiningu lögregluembættu á Vesturlandi og Vestfjörðum. Þess í stað verða eingöngu embættin á Vesturlandi sameinuð. Í nýjum drögum Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra í frumvarpi til laga um breytingar á lögreglulögum er hins vegar hvergi að finna eftirlaunapakann sem hann hafði

lofað lögreglumönnum.

Í ályktun Lögreglufélags Vesturlands er lýst áhyggjum af þeirri auknu hagræðingarkröfu sem boðuð er í frumvarpinu og að sú hagræðing muni bitna á fjölda lögreglumanna, launum þeirra og starfsframa. Telja þeir að ekki megi rústa þeim launa- og starfsstigaprepum sem lögreglumenn hafa áunnið sér, í nafni hagræð-

ingar,“ segir á vef Skessuhorns.

Lögreglufélag Vesturlands hvetur samninganefnd ríkisins til að nálgast kjarasamninga lögreglumanna á faglegan hátt og meta mikilvægi lögreglumanna í samfélaginu að verðleikum. Einnig hvetur það innanríkisráðherra til að auka fjárveitingar til lögreglu þar sem búast má við metfjölda ferðamanna á Íslandi.



## Fjórir vilja vista hvítabjörninn

Fjórir aðilar hafa sent Náttúrufræðistofnun erindi þar sem óskað er eftir því að fá hvítabjörninn nýskotna til varðveislu og þar af þrír á Vestfjörðum: Umhverfisstofnun fyrir gestastofu á Hornströndum, Núpur í Dýrafirði og Melrakkasetrið í Súðavík. Sá fjórði er í Fljótum í Skagafirði. „Það væri mjög gaman ef við fengum hann hingað til okkar,“ segir Jón Björnsson, forstöðumaður Hornstrandastofu aðspurður um málið.

Ferðapjónustubóndinn og kokkurinn Guðmundur Helgi

Helgason á Hótel Núpi segist hafa heyrt að aðili utan Ísafjarðarbæjar hafi sóst eftir að fá að geyma dýrið og því hafi þeir ákveðið að sækja um að varslan kæmi í þeirra hlut. „Við gátum ekki hugsað okkur að dýrið færi annað, hann var skotinn hér og á því að vera í Ísafjarðarbæ.“

Að sögn Jóns Gunnars Ottóssonar, forstjóra Náttúrufræðistofnunar, verður ekki tekin ákvörðun um vistun hvítabjarnarins fyrr en næsta vetur þegar hann verður stoppaður upp.

— thelma@bb.is



# Vilja greiða allt að 8,6 milljónir í uppgjör Edinborgarhússins

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að sveitarfélagið samþykki að greiða allt að 8,6 milljónir króna sem lið í skuldauppgjöri Edinborgarhússins ehf. á Ísafirði við kröfuhafa. Litið verði svo á að umrædd fjárhæð sé fyrirfram greidd húsaleiga Ísafjarðarbæjar vegna afnota af húsnæði Edinborgarhússins og geti numið allt að 600.000 krónum á ári. Greiðslan verði fjármögnuð með

sölu fasteignar Ísafjarðarbæjar að Skólagötu á Ísafirði. Var það samþykkt á síðasta bæjarráðsfundi þar sem lagt var fram minnisblað Daníels Jakobssonar bæjarstjóra um málefni Edinborgarhússins ehf. og ársreikningur hússins fyrir síðasta starfsár.

„Skuldastaða Edinborgar ehf. sem er eigandi Edinborgarhússins á Ísafirði hefur um nokkra hrið verið óviðunandi. Upphaf-

lega má rekja hana til þess að framkvæmdir urðu dýrari en áætlað var og menn töldu sig hafa loforð frá ríkissjóði um að hann kæmi til móts við þá í þessu,“ segir í minnisblaðinu.

Í upphafi árs var bæjarstjóra heimilað að ganga til viðræðna um að taka þátt í skuldauppgjöri Edinborgarhússins við lánardrottna en þá hafði menntamálaráðuneytið þegar samþykkt að

að koma að þessu gegn því að Ísafjarðarbær gerði slíkt hið sama í hlutföllunum 60/40 eins og upphaflega þegar húsið var byggt.

Í minnisblaðinu kemur fram að rekstur félagsins hafi verið þungur og það ekki ráðið við skuldir félagsins. „Við þennan gjörning á framlag Ísafjarðarbæjar að duga fyrir afborgunum langtímalánsins næstu sjö árin og að því loknu munu skuldir

félagsins vera aðlagðar að þeirri greiðslugetu sem þá eru í félaginu, þó aldrei lengra lán en til 25 ára.“

Jafnframt kemur fram, að eftir þetta ætti Edinborgarhúsið að vera í stakk búið til að mæta þeim kostnaði sem á það fellur enda ætti vaxtakostnaður að vera úr sögunni.

– *thelma@bb.is*



## Sumarið hjá 66 lofar góðu

Gistiheimilið 66 á Suðureyri var opnað á ný um síðustu mánaðamót. „Ég er bjartsýnn á sumarið og get ekki ímyndað mér annað en að þetta gangi vel,“ segir Guðmundur Tryggvi Ásbergsson, eigandi gistiheimilisins. Hann segir bókanir lofa góðu en hann hafi samt engan samburð. „Það er ekkert að marka að miða við síðasta sumar þar sem það var fyrsta sumarið og ekki opnað fyrr en liðið var vel á það. En ég er allavega mjög sáttur við bókanirnar núna.“

Húsnæðið sem áður hýsti heilsugæsluna á Suðureyri var tekið í gegn fyrir opnunina í fyrra. Þá eru enn frekari framkvæmdir fyrirhugaðar í sumar. „Við erum að byggja sólþall fyrir sumarið og ég held að þetta verði mjög flott,“ segir Guðmundur Tryggvi.

## Lítið svigrúm til launahækkana

Sveitarfélögin hafa ekki efni á viðlíka launahækkunum og samið hefur verið um á almennum markaði, standist ekki tekjuforsendur, að sögn Halldórs Halldórssonar, formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hann segir að miklar launahækkanir á almenna markaðnum hafi komið sér á óvart.

„Það kom mér á óvart miðað við að tekjuþróunin hefur ekki verið jákvæð í þessu samfélagi. En ef tekjuforsendur standast hjá almenna vinnumarkaðnum, þá aukast tekjur sveitarfélaga og þá eigum við að geta staðið undir þessu.“

# Gert ráð fyrir að 73 milljónir króna verði felldar niður

Félagslegar íbúðir Bolungarvíkur þurftu rekstrarframlag frá aðalsjóði sveitarfélagsins að upphæð 10,5 milljónir króna til þess að reksturinn gengi upp á síðasta ári. Þetta kemur fram í greinargerð bæjarstjóra með ársreikningi Bolungarvíkur fyrir árið 2010. Á árinu 2009 voru felldar niður 73 milljónir króna hjá Íbúðalánasjóði en Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga gerði tillögu um að tvöföld sú upphæð yrði felld niður. Stjórn Íbúðalánasjóðs ákvað að fella niður helminginn þá strax en bíða í eitt ár með ákvörðun um seinni hlutann eða aðrar 73 milljónir

króna. „Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar gerði ráð fyrir að það gengi eftir á árinu 2010. Það gerðist ekki og er því reiknað með að sú niðurfelling fari fram á árinu 2011,“ segir í greinargerðinni.

Í skýringu í ársreikningi Bolungarvíkurkaupstaðar segir: „Á árinu 2009 voru skuldir við Íbúðalánasjóð lækkaðar um 73 millj. kr. og í fjárhagsáætlun 2010 var reiknað með að síðari hluti niðurfellingar frá Íbúðalánasjóði næði fram að ganga eða samtals 73 m.kr. Það gekk ekki eftir. Af því tilefni skrifaði Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitar-

félaga (EFS) stjórn Íbúðalánasjóðs (ÍLS) bréf þar sem þess er farið á leit við stjórnina að umræddar 73 millj. kr. af skuldum Bolungarvíkurkaupstaðar vegna félagslegra íbúða verði felldar niður. Í bréfinu kemur fram að bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur staðið við sinn hluta samningsins við EFS. Enn fremur kemur fram að gangi niðurfelling lána ÍLS ekki eftir eins og reiknað var með þá telji EFS að hún hafi ekki fullnægt þeim fyrirheitum sem nefndin tók að sér að hafa milligöngu um með samningnum. Af þessum sökum er reiknað með því í fjárhagsáætlun árið

2011 að 73 millj. kr. af skuldum Bolungarvíkurkaupstaðar við ÍLS verði felldar niður.“

„Rekstur félagslegra íbúða á árinu 2010 ber það klárlega með sér að lækka þarf skuldirnar eins og stefnt var að, þótt það eitt og sér hefði samt ekki dugað til að endar næðu saman. Það er því afar brýnt að þau fyrirheit sem lagt var upp með í samningi við EFS gangi eftir, enda hafa Bolvíkingar þegar lagt sitt af mörkum í tengslum við samninginn, m.a. með greiðslu álags á útsvar á árinu 2009 og 2010, sem nemur nálægt 50 m.kr.,“ segir Elías Jónatansson, bæjarstjóri.



# Fóstursonur Ísafjarðar

Kvikmyndaframleiðandi, rokkstjóri, þula á Skjá Golf, virkur þáttakandi í Gay Pride, einn af feðrum Styrmis, íþróttafélags samkynhneigðra... Ferilsskrá Jóns Þórs Þorleifssonar, fóstursonar Ísafjarðar, er lengri en svo að hægt sé að rekja hana hér. Hann er kannski ekki Ísfirðingur að uppruna, en bærinn á samt stóran hlut í honum - og Jón Þór kannski dálítinn hlut í bænum líka, að minnsta kosti eftir síðustu Aldrei fór ég suður hátíð þar sem hann gegndi hlutverki rokkstjóra í fyrsta skipti. Jón Þór hefur hins vegar verið viðriðinn hátíðina allveg frá upphafi og lítur á hana sem eitt af börnunum sínum, eins og önnur þau gæluverkefni sem hann tekur sér fyrir hendur samhliða vinnu. Hann segir hér frá velheppnaðri hátíð, hinum börnunum sínum og þeirri sannfæringu sinni að hver og einn eigi að reyna að láta gott af sér leiða í samfélaginu með sínum hætti.

## Fóstur- og tengdasonur Ísafjarðar

„Ég er ekki Ísfirðingur í rauninni. Fósturpabbi minn er hins vegar Ísfirðingur, eða var. Hann lést í fyrravetur. Hann hét Jóhannes Bekk, sonur Inga Jó, kirkjuvarðar, og Gógó“ útskýrir Jón Þór. Hann kynntist bænum því í gegnum Jóhannes og kom oft til hingað í æsku. „Svo bjó ég með Guðmundi Birgi, syni Dóra Hermanns og Kötu í 10 ár og þá smitaðist ég endanlega af Ísafjarðarbakteríunni. En ég er nú reyndar líka ættaður úr Dýrafirðinum, svo ég get bent á einhverja fleiri tengingar,“ heldur hann áfram og brosir.

Jón Þór þekkir því vel til á svæðinu og á hér marga vini. Hann hefur enda komið að Aldrei fór ég suður-hátíðinni allveg frá því að hún hóf göngu sína. „Fyrsta árið var ég bara mjög lítið involveraður, en eftir það hef ég tekið mikinn þátt í þessu og hef alltaf lítið á hátíðina dálítið eins og barnið mitt. Þetta barn á reyndar marga kæra foreldra. En núna, með því að vera rokkstjóri, líður mér svolítið eins og ég hafi fengið forræði yfir barninu okkar,“ segir hann og brosir.

Hingað til hefur Jón Þór einna helst einbeitt sér að fjárflyunar-málum, en rokkstjóri hefur hins vegar yfirumsjón með öllu verk-inu og framkvæmd þess, nokkuð sem hann er þaulvanur. „Munurinn er náttúrulega helst sá að í ár

bar ég ábyrgðina á þessu, en naut mjög dyggrar aðstoðar Hálfðans Bjarka, fyrrum rokkstjóra, við þetta. En þetta var kannski ekki mikið öðruvísi en venjulegir dagar hjá mér, því ég vinn sem kvikmyndargerðarmaður og framleiði sjónvarpsauglýsingar. Þetta er í rauninni nákvæmlega það sama, bara í öðru umhverfi. Verkin eru þau sömu,“ útskýrir Jón Þór, sem neitar því þó ekki að verkið sé ansi viðamikíð. „Nei, það er ekki hægt að leggja þetta á sama manninn mörg ár í röð. Þetta er brjálæðislega mikið,“ segir hann brosandí.

## Teymavinnan tókst vel

Aðstandendur Aldrei fór ég suður höfðu gefið það út að hátíðin í ár yrði nokkurs konar til-raun. Hópurinn sem staðið hefur að henni frá upphafi var enda orðinn nokkuð lúinn eftir margra ára hátíðahöld og þrotlausa vinnu og var því brugðið á það ráð að leita til heimamanna eftir aðstoð í formi sjálfböðavinnu. Jón Þór segir að sú tilraun hafi gengið vonum framar.

„Við getum tekið bolasöluna sem dæmi. Marta, Mysterious Marta, var mamma í þeim hópi og með alveg frábært fólk með sér. Það skilaði sér mjög vel. Þau funduðu stíft og svo notuðum við facebook sem samskiptaform okkar á milli. Þar komu fyrstu hugmyndir, svo var unnið úr þeim og svo stóðu þær vaktina og seldu og seldu, miklu meira en við höfum gert áður. Það var farið að selja boli í Bóklhöðunni áður, til dæmis,“ nefnir Jón Þór sem dæmi um hversu vel var staðið að ýmsum undirverkefnum á hátíðinni.

„Það var eins með heimasíðuna. Gústi, Ágúst Atlason, tók hana alveg að sér og var með ritstjórn með sér. Hann hannaði nýja og mjög flotta síðu fyrir okkur. Með skipulagðri vinnu og nýju útliti þá jókst aðsóknin að síðunni mikið - svo mikið að fyrirtæki voru farin að spyrja hvort við seldum auglýsingar inni á henni. Við gerðum það ekki, við vildum bara vera með okkar styrktaraðila þar inni. En hún var þá allt í einu komin í form sem bauð upp á að við gætum farið að nota hana sem tekjulind, sem er skemmtileg þróun,“ segir Jón Þór ánægður.

„Fólk sótti virkilega í síðuna til þess að leita sér upplýsinga. Planið er að halda síðunni opinni

áfram, af því að við vitum að ef fólkíð sem var hér um páskana og langar að koma hingað í sumar á eflaust eftir að fara þar inn til þess að afla sér upplýsinga,“ útskýrir hann. „Ég held því fram að margt af því fólkí sem kemur á hátíðina, komi síðan aftur. Það er að uppgötva Ísafjörð. Maður sér þessi andlit aftur hérna á sumrin. Þetta fólk er kannski búíð með Akureyri, búíð með Selfoss og Þórsmörk. Ísafjörður er nýr vettvangur í þeirra augum,“ segir hann.

## Tónlistarfólkið í skjýjunum

Jón Þór segir það stórkostlega gaman að fá að upplífa stemninguna sem ríkir í hópi tónlistarfólksins sem kemur fram á hátíðinni. „Þegar þau fóru á mánu-deginum fylgdi ég þeim upp á flugvöll. Það voru bara allir í skjýjunum. Það skemmdi náttúrulega ekki fyrir að það var yndislegt veður þegar þau fóru,“ segir hann.

„Strákarnir í Jan Mayen sögðu okkur fyrir nokkrum árum að ef þeir hefðu komið hingað að spíla og fengið einhvern hundrað þúsund kall fyrir, hefði ekki orðið neitt eftir. Þeir hefðu flogið sér sjálfir vestur, keypt sér mat og svo hefði þeim bara leiðst. Launin hefðu bara farið í gistingu og uppihald. En þetta, að koma og spíla frítt, fá móttökur uppi á flugvelli og vera sinnt alla helgina, er allt önnur upplifun fyrir tónlistarfólkið. Okkar markmið er að reyna að gera betur við okkar gesti og í ár buðum við upp á bröns í fyrsta skiptið. Það voru allir alveg hæstánægðir með brönsinn á heimavistinni á bæði laugardegi og sunnudegi, sem Nanný og Ása tóku að sér að sjá um. Það var rosaleg stemning þar. Dóttir Eldars Ástþórssonar, sem kom hingað á vegum Kraums og var með ráðstefnu með okkur á föstudeginum, lýsti því yfir hátt og snjallt að þetta væri besti veitingastaður sem hún hefði nokkurn tíma komið á,“ segir Jón Þór og hlær við.

Veislan á sunnudegi, þar sem tónlistarfólkinu sem kemur hingað vestur til að spíla er boðið í eitthvert nágrannasveitarfélagið í pásamat, sund og skemmtilegheit fellur ekki síður vel í kramið. „Hún er orðin eitthvert skemmtilegasta partið ársins. Það er mjög gaman,“ segir Jón Þór, sem segir umgjörðina á tónleik-

unum sömuleiðis mælast vel fyrir. „Í ár komu til dæmis tækni-menn frá Exton og fleiri stöðum sem hjálpuðu okkur að keyra tónleikana. Þeir gáfu líka vinnuna sína og keyrðu hingað vestur til að taka þátt í þessu með okkur. Það rúllaði líka allt svo vel. Fólk kemur upp á svið og þar er tekið á móti þeim af tæknimönnum - „tengdu þetta þarna og þetta þarna og gjörðusvovel!“ Tónlistarfólkinu leið svo vel, enda héldu strákarnir vel utan um allt,“ segir hann.

Þegar hér er komið sögu og hátíðin búin að festa sig í sessi eru þáttakendur sömuleiðis búnir að venjast tuttugu mínútna reglunni sem er í gildi á hátíðinni, að tónlistarflytjendur hafi hámark tuttugu mínútur til umráða.

„Það var svolítið erftitt fyrst - fólkí fannst það svolítið skrytið. Páll Óskar sagði bara „Hvernig á ég að geta komið fram á tuttugu mínútum með mitt prógram? Ég hef aldrei gert það!“ En svo var þetta bara áskorun og honum fannst þetta alveg frábært. Fólk er búíð að læra að þetta er bara svona, þessar tuttugu mínútur eru heilagur tími. Annars sprengjum við allt utan af okkur og það fer allt í rugl. Kosturinn við þetta er líka að þá hlustar fólk frekar á atriði sem það er ekkert svo spennit fyrir. Ég upplífi það til dæmis með Sólstaði. Ég er ekkert mikill aðdáandi þeirra tónlistarstefnu, en ég hafði mjög gaman af því að hlusta á þá. Maður hefur alveg tuttugu mínútna tolerans. Það er stór plús við þetta og mjög gaman,“ segir hann.

## Sér vaxtarmöguleika

Þó hátíðin sé rétt að baki þegar spjall blaðamanns og Jóns Þórs á sér, stað getur sá fyrrnefndi ekki á sér setið að spyrja um framhaldið: verður ekki örugglega haldin Aldrei fór ég suður hátíð að ári liðnu?

„Ég get sagt að ég fékk tölvupóst í gær frá fyrsta sjálfböðaliðanum fyrir hátíðina á næst ári, það finnst mér mjög gaman. Við erum líka kominn á þann stað núna að fyrst að hátíðin er búin að vera í átta ár... þá ætlum við greinilega að halda áfram. Með tilkomu aðstoðar í bænum tel ég nokkuð víst að það verði gert. Það er að minnsta kosti enginn leiði í okkur núna, eins og var í fyrra,“ segir Jón Þór, sem kveðst nú sjá fullt af nýjum möguleikum í tengslum við hátíðina.

„Ég sé núna hvernig við getum gert þetta enn betur og gert okkur þetta auðveldara í rauninni, því við getum þetta ekkert endalaust, þessi litli hópur,“ segir Jón Þór. Ein stærsta breytingin á hátíð ársins var aðkoma Inspired by Iceland. Það samstarf leiddi af sér að fleiri en nokkur sinni áttu kost á því að fylgjast með gangi mála á Ísafirði yfir páskana, þar sem sent var út beint í stórgóðum gæðum frá hátíðinni á heimasíðu Inspired by Iceland. Þeir fjórtán tímar af efni sem aðstandendur hafa nú í höndunum frá hátíðinni verða svo klipptir saman og gerðir aðgengilegir á vefnum.

„Ástæðan fyrir því að við fórum í það samstarf var að okkur langaði að skilja eitthvað meira eftir en þessa einu helgi. Þar spilar eflaust inn í þessi passjón okkar fyrir því að það gangi allt vel áfram á þessu svæði. Ég held því persónulega fram að ef einhvers staðar séu sóknarfæri í ferðaþjónustu á landinu þá er það hér. Það eru ekki nema 3-5% af erlendum ferðamönnum sem koma hingað vestur og auk þess er fullt af Íslendingum sem eiga eftir að koma, hafa ekki ennþá uppgötv-að þá perlu sem þetta svæði er. Okkur langaði til að vekja athygli á Vestfjörðum og fengum Inspired by Iceland þess vegna með okkur,“ útskýrir Jón Þór.

„Ég er ekki búinn að fá töölurnar yfir áhorfið ennþá en ég er búinn að heyra að það hafi verið mjög gott, bæði hér heima og úti. Það var rosaleg traffík á síðuna. Við vorum líka með stórglæsilega útsendingu, sem var bara eins og sjónvarpsútsending. Hingað til höfum við haft eina eða tvær myndavélar, en þetta var frábært,“ segir Jón Þór sem vonast til þess að uppátækið komi Vestfjörðum enn frekar á kortið sem áfangastað.

„Þetta er líka flott í kjölfar umfjöllunar Lonely Planet um Vestfirði sem einn af heitustu áfangastöðum í heimi, og Aldrei fór ég suður. Við komumst nefnilega að því að þeir mæla með hátíðinni sem einum af þremur viðburðum sem fólk ætti að sækja í apríl - af viðburðum um allan heim. Það var ótrúlegt,“ segir hann og brosir.

## Svipaður andi og á Gay Pride

Jón Þór segist meðvitaður um að Aldrei fór ég suður sé verðmætt vörumerki. „Ég hef líka





DA II  
ar



sagt það að við megum ekki selja okkur of ódýrt. Hátíðin má halda áfram að þroskast og dafna, en það verður að vera án þess að hún verði of „commercial“, einhver söluvara. Við viljum halda þessum sjarma sem einkennir hana, viljum hvorki halda hana að sumri né fara inn í eitthvað íþróttahús með hana. Við fengum núna fyrirspurnir frá fyrirtækjum sem vildu fá að vera með kynningarbása á hátíðinni, en við sögðum þvert nei við því. Við seljum bara plockfisk og súpu og pylsur og þannig á það að vera. Það verður að halda í þennan sérstaka anda og karakter,“ segir Jón Þór.

„Það er líka svo gaman að taka þátt í verkefni sem maður getur verið svona montinn af. Við getum labbað um eftir á fullir af stolti yfir því að þetta sé til. Mér finnst svo líka svo fallegt að sjá þarna afa og ömmur með barnabörnunum sínum. Þau eru kannski að hlusta á lúðrasveitina og Mugison, en á eftir koma Valdi og Erna í Lazyblood og afi og amma bíða samt með krökkunum til að horfa á það líka. Það er frábært!“ heldur hann áfram.

Blaðamaður stingur því að honum hvort anda hátíðarinnar svipi kannski dálítið til þess sem einkennir Gay Pride í Reykjavík - þar sem fjölskyldan öll fylkir liði og hrópar og húrrar til stuðnings göngufólki. „Já, það er eiginlega alveg rétt,“ samsinnir hann. „Þetta er það sama, þessi fjölskylduhátíð og fallegi andi. Og ég held að hann stafi af heiðarleikanum. Þessir viðburðir eru báðir alveg ekta, það er ekkert „show-off“ í þeim.“

## Á mörg „börn“

Talið berst þar með að öðrum uppátækjum Jóns Þórs, sem eru ýkja mörg og merkileg. Jón Þór, sem er samkynhneigður, hefur til að mynda verið virkur í Gay Pride í áranna rás en komst ekki á hátíðina í fyrra. Það var vegna annars „barns“ hans, ef svo mætti kalla. Styrmir, íþróttafélag samkynhneigðra, sem Jón Þór tekur virkan þátt í, var nefnilega státt í Köln þar sem það keppti á Hinsegin leikum, eða *Gay Games*.

„Okkur fannst reyndar alveg fáránlega erfitt að komast ekki á Gay Pride. Okkur fannst það bara vanta inn í árið - þetta er svo stór viðburður,“ segir Jón Þór og brosir. Dags daglega rekur hann fyrirtæki sem framleiðir sjónvarpsauglýsingar. „Ég hef verið að vinna í þeim bransa frá því að elstu menn muna,“ segir hann glettinn. „Kannski ekki alveg, en í mjög mörg ár. Það er svona meirihlutinn af lífinu mínu, en svo finnst mér rosalega gaman að taka að mér ýmis gæluverkefni.“

Styrmir var til dæmis stofnaður sem fótboltafélag árið 2007, en

starfið hefur undið dálítið upp á sig. „Styrmir er svona annað barn. Ég á fullt af börnum! Ég hef gaman af því og að vera fyrirmynd, held ég,“ segir Jón Þór, sem keppir í sundi. „Ég er reyndar enginn íþróttamaður og hef aldrei verið. Ég syndi bara mér til skemmtunar og keppti svo reglulega í einhverjum mótum. Styrmir var í upphafi einungis fótboltahópur en fyrir þremur árum ákváðum við að stofna sundhóp, af því að við vorum búin að ákveða að fara til Kaupmannahafnar að keppa ári síðar. Við fórum það og rústuðum mótinu og fórum svo aftur til Kölnar. Þar vorum við í fjórða sæti yfir fjölda verðlauna. Við vorum hins vegar bara þrettán allt í allt, en það voru hundrað manns í franska liðinu sem var í þriðja sæti. Við vorum með mjög sterkt lið. Styrmir þroskast og stækkar enn og til dæmis er komin blak og skotfimideild innan félagsins núna.“ segir Jón Þór frá.

„Næsta verkefnið mitt með Styrmi er að skipuleggja og halda rúmlega þúsund manna heimsmeistaramót samkynhneigðra í sundi í Reykjavík í maí á næsta ári. Við erum komin á fullt í að vinna í því núna,“ segir Jón Þór.

## Pulur á Skjá golf

Afrakstur annars gæluverkefnis hans leit nýlega dagsins ljós. „Við erum þrjú saman, góðir vinir, sem ákváðum að gera aftur smokkaplakötin sem voru gerð fyrir tuttugu og fimm árum síðan. Við vorum að klára það verkefni. Það fór reyndar í loftið mánudaginn fyrir páska, af því að það hittist þannig á að við fengum akkúrat pláss fyrir þau þá vikuna á strætóskýlum Reykjavíkurborgar. Það varð svolítið hektísk vika,“ segir hann og hlær við. Smokkaverkefnið var tvö ár í undirbúningi og framkvæmd enda gríðarlega viðamikil. 103 landsþekktir einstaklingar sitja fyrir á plakötunum og samtímis birtingu þeirra er ráðist í fræðsluherferðir í skólum með það að markmiði að hvetja fólk til þess að nota smokkinn.

Jón Þór ræðst því augljóslega ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. „Nei, kannski ekki,“ segir hann og brosir. „Mér finnst einhvern veginn mikilvægt að hafa gaman af þessu lífi og gera hluti sem er ögrun í, en samt ekki þannig að það fari alveg með mann. Ég er heppinn að vera í þannig vinnu að ég get stjórnað mér mikið sjálfur. Núna í kringum páskana hef ég til dæmis verið að framleiða tvær stærstu auglýsingar sem ég hef framleitt. Við vorum að klára Hámark, auglýsingu með Arnari Grant og Ívari Guðmunds, sem er öður til myndarinnar The King's Speech, og svo hef ég verið að gera aðra auglýsingu fyrir Coca Cola líka



sem verður birt á næstu dögum. Ég er með mjög gott fólk í kringum mig sem vinnur með mér, svo ég næ að gera þetta svona og vera fjarverandi stundum,“ útskýrir Jón Þór, sem starfar reyndar einnig sem þula á Skjá Golf og les inn á auglýsingar.

„Mér finnst hins vegar frekar leiðinlegt að fá ekki að vera með varalit í þulustarfinu, ég sit bara inni í einhverjum hljóðklefa að lesa,“ segir hann og hlær við. „Nei, mér finnst þetta reyndar mjög gaman, sérstaklega ef ég fæ ögrandi verkefni,“ bætir hann við.

## Það þýðir ekkert að bíða eftir öðrum

Aftur að smokkaherferðinni, sem margir muna eftir frá því fyrir tuttugu og fimm árum síðan. „Hún er þannig til komin að við vorum þrjú, ég, Frímann og Inga Dóra, heita þau, sem ofbauð hreinlega kæruleysið sem við höfðum heyrt af í kringum smokkanotkun og aukna tíðni kynsjúkdóma og sérstaklega HIV,“ segir Jón Þór. „Við hugsuðum að kannski væri bara tími til komin að við gerðum eitthvað, maður getur ekki alltaf bent á einhvern annan. Við vildum öll láta gott af okkur leiða og fórum á stúfana og fengum Íslensku auglýsingastofuna með okkur, en þeir gerðu gömlu plakötin á sínum tíma. Við öðum bara í þetta. Við fengum grunnpening frá Reykjavíkurborg til þess að byrja á þessu og svo var bara látið vaða,“ segir Jón Þór frá.

„Við gerðum þetta bara sam-

hliða öðru og eins og gengur og gerist var þetta dálítill öldugangur, stundum gerðist rosalega mikið og stundum lítið, enda voru þetta hátt í tvö ár. Við fengum líka krakkana í Ástráði, félagslæknanema, með okkur í þetta. Við tókum myndir af 103 einstaklingum og fengum nemendur úr förðunarnámi Snrytiakademiunnar til að sjá um sminkið. Það var nú bara eins og að taka meirapróf í förðun, held ég, þau voru eins og maskínur að sminka allt liðið. Svo náðum við á lokaþreitinum að fjármagna prentunina, þegar Vís kom inn í þetta líka,“ segir Jón Þór, sem kveðst mjög stoltur af verkefninu.

„Ég held að þetta sé eitthvað sem þarf að gera reglulega. Mér skilst að ástandið í hiv-smitum sé mjög slæmt núna, svo þetta er góður tími til að minna á smokkinn. Haraldur Briem, sóttvarnalæknir, sagði að það væri gaman að sjá að einhverjir fyndu það hjá sér að gera þetta. Og ég er sammála því - við eigum ekkert endilega að sitja bara og bíða þó að við séum þegnar þjóðfélagsins,“ ítrekar Jón Þór.

„Maður þarf líka að þekkja sinn styrk. Ég kann þetta, kann að keyra svona verkefni áfram, en ég kann hins vegar alls ekki að fara í skólana og halda fyrirlestra. Þess vegna fengum við Ástráð og HIV Ísland með okkur í það, þau taka við boltanum núna. Þetta snýst um að þekkja sín mörk og ég er sem betur fer ekki haldinn þeirri ranghugmynd að ég sé frábær í að labba í skóla og tala um smokka,“ segir hann og hlær.

## Vill verða farfugl

Ísfriski hlutinn af Jóni Þóri er í sókn þessa dagana, þar sem hann hefur nýverið fest kaup á húsi í Sundstræti í félagi við nokkra vini sína. „Það var bara núna, rétt fyrir páska. Takmarkið mitt er að vera farfugl, koma hingað á vorin og fara suður á haustin. Ég vil búa á báðum stöðunum. Það var þælingin með þessari íbúð og nú er ég að undirbúa vinnu yfir sumarið þannig að ég verði hér alveg. Vonandi gengur þetta upp þannig að ég verði hér í sumar og þá verður bara flutt aftur í sólskinshöllina í Sundstrætinu næsta vor,“ segir Jón Þór.

„Ég held að það sé líka hollt að búa á tveimur stöðum, rífa sig upp og skipta um tempó. Það er bara fátt betra en að vera hér á Ísafirði, en ég gæti samt aldrei verið hérna yfir veturinn. Ég geri mér alveg grein fyrir því og það höfðar ekki til mín,“ segir hann brosandi. „Þar var auki get ég alveg sinnt minni daglegu vinnu héðan að mestu leyti, enda er ég ekki nema 40 mínútur að fljúga suður ef ég þarf að fara í tökur eða eitthvað þessháttar. Það er kostur að geta tekið vinnuna svona með sér,“ bætir hann við.

Slíkir farfuglar, sem taka vinnuna með sér, væru enda góð viðbót í flórana á Vestfjörðum, þar sem umræður um atvinnuástand hafa verið ofarlega á baugi síðustu misseri.

„Svo má heldur ekki gleyma því að það er ekki kvóti á ferðamönnum. Þó að við megum ekki sprengja þetta alveg, þá þurfum við að vera undir það búin að fá fleiri ferðamenn og vera dugleg í því. Þarna eru sóknartækifæri,“ segir Jón Þór.

„Ég upplifði það til dæmis þegar við fengum blaðamennina hingað á fund fyrir Aldrei fór ég suður. Við sendum þá aftur í burtu alveg himinlifandi. Við ákváðum til dæmis að vera ekki með rútu fyrir þá, heldur fá far á milli staða, svo þau upplifðu í alvörunni hvað samvinnan er rík hérna. Við báðum fólk á flugvellinum að taka einhverja með sér inn í bæ, og það var auðvitað lítið mál. Svo sýndum við þeim Gamla Sjúkrahúsið og borðuðum í Hamraborginni. Þó að Tjörúhúsið, sem dæmi, sé týpískur staður til að sýna ferðamönnum, er Hamraborgin líka eitthvað sem endurspeglar okkur, og jafnvel enn frekar. Hún er hluti af lífinu. Ég manaði til dæmis Sigtrygg Baldursson núna um páskana til að fara og kaupa sér hamborgara og trommukjuða í Hamraborg, af því að maður getur hvergi annars staðar gert það. Eftir þennan blaðamannafund fengum við töluvert mikla umfjöllun í fjölmiðlum. Það er af því að fólk elskar þetta konsept. Og það er það sem við höfum, það er styrkurinn,“ segir Jón Þór að lokum.

– *Sunna Dís Másdóttir.*





Frá tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður sem haldin var á Ísafirði um páskana.

# Hylling á arfleifð landsbyggðarinnar

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður er ekki um yfirdrifin atriði eða hvað sé heitast á tónlistarsviðinu hverju sinni, segir tónlistarvefritið Clash. Þar segir að vinalegheit og gestrisni heimamanna og hátíðarinnar hafi verið sameiginlegt átak allra íbúa á svæðinu.

„Við gerðum samning við bæjaryfirvöld til að fá þau til að taka þátt í þessu, því að okkur fannst stjórnmálamenn vera frekar latir að mæta á atriði hátíðarinnar.

Við samþykktum að bæjarstjórnin yrði virkjaður t.d. með því að hýsa fólk, hjálpa til og vinna á vettvangi hátíðarinnar,“ er haft eftir Mugison á vefnum. Þar segir að hátíðin sé hylling á arfleifð landsbyggðarinnar og samfélagsins í heild á jafningjagrundvelli.

Blaðamaður Clash veltir því fyrir sér hver framtíðarþróun hátíðarinnar verði, en þegar hann spyr Mugison svarar hann: „Ég er ekki góður í markaðssetningu. Nokkrir hafa ráðlagt mér að selja

réttinn að hátíðinni en það er augljóst að þeir hafa aldrei komið á hana.“

Þá segir blaðamaður að náttúrufegurðin á Vestfjörðum sé stórkostleg og gestir Ísafjarðar séu umkringdir snævipöktum fjöllum og bröttum klettum. Veðurskilyrði séu hörð og hitastig næturinnar fari langt undir frostmark. Þá geti skipst milli vinda, snjókomu og rigningar á augabragði. Greinina má lesa í heild á clash.com. – thelma@bb.is

## Alvarlegar athugasemdir við misskiptingu milli svæða

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga áréttar, að undirbúningur verkefna sem samþykkt voru á fundi ríkisstjórnarinnar 5. apríl á Ísafirði fór fram án formlegs samráðs við forsvarsmenn sveitarfélaga eða stofnana þeirra. „Verkefnið í heild munu hafa jákvæð áhrif fyrir samfélög og atvinnulíf á Vestfjörðum en gera verður alvarlegar athugasemdir varðandi misskiptingu þeirra gagnvart einstökum svæðum innan Vestfjarða,“ segir í ályktun. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skorar því á ríkisstjórn Íslands að auka við fjárveitingu til verkefnatillögu nr. 2, sem felur í sér að tryggt verði áframhaldandi gott framboð á námi á framhaldsskólastigi á Vestfjörðum.



Frá ríkisstjórnarfundinum sem haldinn var á Ísafirði.

Gerð er sú krafa að sett verði aukið fjármagn til þessa verkefnis eða sem nemur 10 milljónum króna. Verði þeim fjármunum ráðstafað til sveitarfélagsins Stranda byggðar til að hefja undirbúning

að stofnun framhaldsdeildar á Hólmanvík, sem nýtast muni Strandabyggð sem og nágretta sveitarfélögum í Strandasýslu, í Reykhólahreppi og hugsanlega víðar. – thelma@bb.is

## Ársfundur Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2011

Ársfundur Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2011 verður haldinn á Hótel Ísafirði miðvikudaginn 25. maí n.k. kl. 18.00.

### Dagskrá fundarins

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur ársins 2010
3. Tryggingafræðileg úttekt
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
6. Tillögur til breytinga á réttindum
7. Kosning stjórnar
8. Ákvörðun launa stjórnarmanna
9. Önnur mál löglega uppbörin

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundi með málfelsi og tillögurétti. Sjóðfélagar eru hvattir til að nýta sér rétt sinn og mæta á ársfund sjóðsins, en eru beðnir að staðfesta þátttöku sína við skrifstofu sjóðsins í síðasta lagi 24. maí 2011.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Sérstakt fulltrúaráð að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaganna og samtaka atvinnurekanda sem að sjóðnum standa fer með atkvæði á ársfundinum.

F.h. Stjórnar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga  
Guðrún Guðmannsdóttir

LÍFEYRISSJÓÐUR  
VESTFIRÐINGA



# Í hringiðu menningarinnar

Listamennirnir Ómar Smári Kristinsson og Nína Ivanova hafa komið að óteljandi vestfirskum verkefnum frá því að þau ákváðu að setjast að á Ísafirði fyrir sex árum. Þau sögðu blaðamanni frá þátttöku sinni í blómstrandi menningarlífi landslutans og tímamótunum sem þau standa frammi fyrir í sumar yfir kaffibolla og sætabrauði eitt síðdegi í apríl.

„Við kynntumst í Þýskalandi, þegar við vorum í BA-námi,“ útskýrir Nína, sem er rússnesk - eða bæði Rússi og Íslendingur eftir öll þessi ár á landinu. „Ég kom svo til Íslands samferða Smára og kynnað landinu hans og þá dró hann mig í Landmannalaugar,“ segir hún frá.

Landmannalaugar hafa nefnilega farið með stórt hlutverk í lífi þeirra Smára og Nínu, þar sem þau hafa verið síðustu fimmtán sumrum eða svo. Nú standa þau hins vegar á ákveðnum tíma-mótum.

„Við vorum með ferðapjónustu þar, rákum búð í gömlum amerískum rútum sem falla vel að umhverfinu og eru algerlega afturkræfar,“ útskýrir Nína. „Úr Landmannalaugum er lagt upp í Laugavegin, sem er ein vinsælasta gönguleiðin á Íslandi og er yfirleitt farin á þremur, fjórum dögum. Þarna á milli er alls engin þjónusta og við sáum að það vantaði eitthvað. Í búðinni var bæði kaffisala og allt það nauðsynlegasta fyrir ferðamenn, eins og smjör, steikingarölfa, tannburstar og meira að segja góð íslensk regnföt núna undir lokin. Við erum búin að vera að þróa fyrirtækið í fimmtán ár, vorum alveg full af orku og hugmyndum,“ heldur hún áfram.

Nú hafa þau hins vegar sagt skilið við reksturinn, þó svo að búðin blómstri. „Við gáfum okkar hlut. Þetta hafði þróast svo langt að við vorum meira að segja byrjuð að græða peninga, svo við skömmumst okkar ekki neitt fyrir að hætta,“ segir Nína og brosir við. Þau hafa enda hvorugt ánægju af því að vinna eingöngu vinnunnar vegna. „Það er eiginlega ekki hægt fyrir listamenn, eða skapandi fólk. Þetta var eins og barn sem var orðið nógu stórt til að hlaupa sjálf og þá sleppir maður takinu. Sumir hugsa kannski ekki svona, en okkur fer að leiðast ef þetta verður bara vinna - ekki eitthvað sem við erum að byggja upp og þróa,“ segir hún.

Verslunarreksturinn í Landmannalaugum hefur tekið sinn toll, enda fer stór hluti vorsins í undirbúning og svo til allt sum-

arið í vinnu. „Síðustu tvö sumur höfum við reyndar fengið afleysingafólk fyrir okkur, en þá er maður samt alltaf með hugann við þetta. Við höfum lítið verið á Vestfjörðum á sumrin,“ útskýrir Smári.

## Athuguðu norðurljós í Æðey

Áður en þau festu rætur á Ísafirði höfðu Smári og Nína haft vetrarþúfu í Æðey í nokkur ár. Þar sinntu þau búskap og sáu um veðurathuganir. „Svo var það norðurljósathugunarstöðin. Hvort hún er til ennþá veit ég ekki,“ segir Smári og brosir.

Þau undu sér hins vegar vel í Æðey. „Fyrir listamenn var þetta eiginlega alveg dásamlegt, af því að þetta var svo langt í burtu og afskekkt. Hins vegar var netsambandið alveg hrikalegt og rafmagnið enn óstöðugra en hér. Þar var ennþá bara svona módem-net,“ segir Nína.

„Við þær kringumstæður smíðaði Nína sína fyrstu heimasíðu, svo hún veit hvað þarf til að gera þær léttar,“ bendir Smári á og Nína kinkar kolli. „Það er eiginlega mjög sniðugt - þannig lærir maður að gera hluti sem manni dyttu annars alls ekki í hug ef netsambandið væri alltaf hratt og gott,“ segir hún.

Þegar tímabilinu í Æðey lauk fóru þau að líta í kringum sig eftir húsi. „Það var svolítið mál að taka ákvörðun um hvar við vildum búa,“ segir Nína. „Við vildum reyndar alls ekki vera í stórborg, eða borg. Ég er frá Moskvu, sem er tólf milljóna borg og mig langaði alls ekki aftur í borgarlíf,“ segir Nína.

Þau höfðu hvorugt tengingu á Ísafjörð. „Nei, ég er Sunnlendingur langt aftur í ættir og meira að segja með danskt blóð í einhverri æð,“ segir Smári. „Við erum algjörlega óvestfirsk að uppruna! En aftur á móti erum við kannski vestfirskari en margir aðrir, af því að við völdum okkur þennan stað,“ segir hann. „Þegar við vorum í Æðey höfðum við aðeins fundið lyktina af Ísafirði þegar við vorum að fara út í eyju á haustin og koma í land á vorin. Það var svolítið menningarlykt af bænum,“ bætir hann við.

„Það skemmtilega við að velja sér stað, eins og við, er að maður ber enga ást til staðarins af skyldurækni, bara af því að maður er fæddur þar. Við völdum okkur að vera hér og sjáum staðinn þá kannski allt öðruvísi en margir aðrir,“ segir Nína. Þau hófu svo til strax störf fyrir Vestfirðinga



Smári og Nína við elstu búðina sína í Landmannalaugum 1996. Ljós: Regína Hreinsdóttir. og hafa starfað náið með mörgum á svæðinu síðustu árin.

## Vinna vel saman

Smári og Nína hafa bæði grunn í klassískri myndlist. „Ég var líka að byrja í tilraunakenndri myndlist í Rússlandi og fór þaðan til Þýskalands þar sem var mikið um hugmyndalist, konseptlist. Og svo hefur maður lært mikið sjálfur líka,“ segir Nína. „Við erum mjög heppin. Við getum unnið saman og gert allt mögulegt, í hönnun eða myndlist. Það er gott að vera ekki of sérhæfður, þá er maður líka takmarkaðri. Við erum það ekki,“ segir hún. Þau hafa alltaf unnið vel saman og helstu verkefni þessa dagana snúast um útgáfu. „Við vinnum mjög mikið útgáfu, sérstaklega fyrir Vestfirska forlagið. Við brjótum um bækur og hönnum kápur og innihald. Við höfum líka gert alls konar bæklinga, eitt-hvað af heimasíðum og kort og göngukort með skýringum. Við höfum líka gert mikið af skýringarskiltum og söguskiltum, sem hefur komið til út frá skiltunum sem við gerðum um Gísla sögu Súrssonar. Fólk hefur haft samband við okkur eftir að hafa séð þau,“ útskýrir Nína.

„Það er svo margt spennandi að gerast á Íslandi og margt að sjá,“ segir Smári. „Það þarf einhvern veginn að gera fólk allt þetta fallega og fróðlega í umhverfi okkar aðgengilegt,“ bætir hann við.

Nína segist einnig hafa gaman af því að hjálpa fólk að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. „Fólk fær svo margar hugmyndir, en hefur kannski ekki kunnáttuna

eða verkfærin til að framkvæma þær. Við erum alveg til í að vera verkfærin og þýða hugmyndina þeirra yfir í eitthvað tilbúið verk, svo fremi að okkur finnist hugmyndin þess virði. Við tökum til dæmis ekki þátt í að koma á fót krókóðílarækt á Húsavík, olúhreinsunarstöð á Vestfjörðum, minkabúi á Herðubreið eða álíka rugli. Við höfum frjálst val. Dæmi um eitthvað sem vit er í er sýning sem verið er að setja upp í Einarshúsinu í Bolungarvík, þar sem fortíðin og nútíðin eiga saman áhugavert samtal og sagan er varðveitt. Það er rosalega skemmtilegt,“ segir hún. „Það er svo gaman þegar fólk er búið að lýsa því fyrir okkur hvernig það sér hlutina fyrir sér, fær þá svo tilbúna í hendurnar. Þetta er svo skemmtilegt að maður gleymir stundum að hugsa um peninga. Það er bara aukaatriði,“ segir hún og hlær við. Að starfa svo náið með öðru fólk var ekki endilega eitthvað sem þau bjuggust við að þau myndu gera.

„En það hefur komið í ljós að við, þetta feimna fólk, sem hefur annað hvort verið uppi á hálendi eða úti í afskekktu eyju tvö ein, við getum unnið með fólk líka!“ segir Smári og hlær við. „Það er líka gott, því það er mikið um að vera í menningunni hérna,“ bætir hann við og Nína tekur í sama streng.

## Einstakt hugarfar á Vestfjörðum

Smári og Nína eru sammála um að gróskan í menningarlífi á Vestfjörðum sé einstök og telja sig sjá merki um að hún sæki

jafnvel enn í sig veðrið. „Það er alveg magnað hvað það er mikið af skapandi fólk hérna og margir að búa sér til sína eigin vinnu. Ég er eiginlega dálítið forvitin að sjá tölur yfir það,“ segir Nína. „Hér er svo margt hugsjónafólk sem hrindir hlutunum í framkvæmd og rættar þá svo áfram, ár eftir ár, svo maður sér hugmyndirnar vaxa eins og tré. Þó það virðist vonlaust í byrjun þá tekst það oft svo vel upp,“ segir hún.

„Það er svo heilbrigð og óíslensk þróun eitthvað!“ heldur Smári áfram. „Að byrja bara með tvær hendur tómar, vera ekkert nema bjartsýnin og þræka bara. Eins og Vestfirska forlagið, til dæmis. Það er magnað að það skuli vera til - bóndi í Arnarfirði og Dýrafirði og svo risastórt bókaforlag í hjáverkum!“ segir hann. „Það er eiginlega óhugsandi í Rússlandi eða Evrópu,“ bætir Nína við.

Þau sátu nýverið listamannaping sem leiddi enn betur í ljós hversu líflegt menningarstarf á Vestfjörðum er. „Það er verið að stofna listamannasamtök og þá kemur nú í ljós hvað það úir og grúir af skapandi fólk á þessu svæði. Ég vona að það verði vísir að einhverju góðu þegar allt þetta fólk er komið undir einn hatt, að kynning og markaðssetning aukist kannski og fólk fái vitneskju um hvað er í gangi hvar. Það hefur verið dálítið um það að menn vinna hver í sínu horni, þó að sumt hafi sprottist upp og orðið vel sýnilegt, eins og þessar mögnuðu leiklistar- og tónlistarhátíðir. Það er samt svo miklu meira í gangi. Nú er eins og listamenn séu að gera það sama og virðist



vera í gangi í ferðapjónustunni hér á Vestfjörðum, koma sér saman og stefna í sömu átt,“ segir Smári ánægður.

Merkilegur  
Minnstikaupstaður

Þau hafa sjálf fengið að kynna-ast vestfirsku menningunni sem teygir anga sína svo víða, í gegnum uppátækið sem ber nafnið Minnstikaupstaður.

„Það var spennandi tilraun félags sem upphaflega hét félag handverksfólks á Vestfjörðum. Á einhverjum stofnfundi fékk ég það hlutverk að skaffa þak yfir höfuðið á þessu og hannaði þá hálft hús á hjólum, sem maður gat svo opnað á skotstundu út í heilt hús. Það er falleg bygging sem tók mið af arkitektúrnum í Neðstakaupstað. Þess vegna kom Nína með þá fínu hugmynd að kalla húsið Minnstakaupstað. Það er heldur ekki beint mjög stórt. Síðan hefur það nafn eiginlega færst yfir á félagsskapinn líka,“ segir Smári frá.

Frumraun Minnstakaupstaðar, sem átti að selja vestfirska hönnun og framleiðslu, afrakstur allra þeirra hönnuða og handverksfólks sem í félaginu var, fór fram á Aldrei fór ég suður. „Þá voru reyndar ekki komnir margir í félagið, svo úrvalið var frekar gisið. Því var reddað með því að húa í nokkra tónlistarmenn. Þá byrjuð-



Minnstikaupstaður á Silfurtorgi.

um við að selja tónlist og svo þróaðist þetta út í að verða hálfgert tónlistarsamfélag. Helmingurinn af meðlimunum eru tónlistarmenn,“ segir Smári frá.

Fyrir síðustu jólfirni félagsskapurinn svo sölubúð ásamt Vestfirsku forlaginu. „Þá vorum við komin með vel á annað hundrað titla af vestfirskri tónlist eða vestfirskættaðri tónlist. Samt erum við ekki ennþá komin með helminginn af öllu sem er til. Við náðum hvorki að fá diska frá Sigga Björns né Helga Björns. Svo er ég alltaf að komast að því

að hinar og þessar hljómsveitir séu vestfirskar. Svavar Knútur er víst Flateyringur, Prins pólo sá ég í dag að væri vestfirsk hljómsveit, Orphic Oxta líka að hluta til... Vestfirðir eru algjör útungunarstöð fyrir tónlistarmenn,“ segir hann.

„Mér fannst líka svo gaman þegar við vorum með Minnstakaupstað á Silfurtorgi, í fyrra-umar eða hitt í fyrra, þegar einhverjir krakkar komu og spurðu hvað við værum að gera,“ segir Nína. „Við sögðum þeim að við værum þarna með eingöngu vest-

firski hluti, þetta væri allt gert á Vestfjörðum. Þau ráku upp stór augu: er það? Það er gaman að þetta sé svolítið uppbyggilegt líka, að fólk verði ennþá stoltara af svæðinu sínu,“ segir hún.

En hvað ætla þau þá að gera í sumar, fyrst Landmannalaugar kalla ekki á þau? „Sumarið er nú þegar orðið helmingi of stutt!“ segir Smári. „Það eru alls konar leynileg plön í gangi og þegar maður er að segja skilið við kafla í lífi sínu er alltaf hætt við því að maður helli sér þá af alefli út í eitthvað annað. Svo veit maður

ekki af fyrir en maður er alveg orðinn yfirbokaður,“ segir hann.

„Það sem við vitum er að mamma mín er að koma í heim-sókn. Og það er svolítið eins og þegar maður fær gesti í kaffi, þá fær maður sér köku,“ segir Nína og ostar hendinni að kræsingunum á borðinu. „Þegar maður fær erlenda gesti ferðast maður meira og skoðar meira - svo við ætlum að ferðast um Vestfirði, prófa heitar laugar og svona. Vestfirðir eru nú einu sinni annar fallegasti staður í heimi, sko. Á eftir Landmannalaugum,“ segir hún og brosir.

# Formaður bæjarráðs hafnar aðdróttunum um pólitíska ráðningu

Eiríkur Finnur Greipsson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, hafnar því alfarið að pólitískir hagsmunir ráði för við ráðningu sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs. Ásakanir um pólitíska ráðningu koma fram í bókun Örnú Láru Jónsdóttur, fulltrúa Í-listans í bæjarráði, á síðasta fundi ráðsins, þar sem ráðning sviðsstjórans var til umræðu.

„Við höfum í þessu máli beitt nákvæmlega sömu faglegu og vönduðu vinnubrögðunum og við höfum gert í öðrum ráðningum innan bæjarins. Og það hefur verið full samstaða um þessi aðferðafræði innan bæjarstjórnarinnar. Ég lýsi því hryggð minni yfir því að komnar séu fram slíkar aðdróttanir sem lesa má í bókun minnihlutans,“ segir Eiríkur Finnur.

Í bókun Örnú Láru segir að aðferðir þær sem notaðar voru til að meta umsækjendur hafi verið sérstaklega smíðaðar til þess að hygla einum umsækj-

anda og þær séu ekki í neinu samræmi við umfang og ábyrgð sem í starfinu felist. Þessu hafnar Eiríkur Finnur.

„Þetta er alrangt og vart svaravert. Við auglýstum og réðum ráðningastofu til þess að vinna úr umsóknum. Það er hins vegar leiðinlegt að villa hafi verið gerð í útreikningum Capacent á hæfni einstaklinganna. Þessi reikniskekkja kom fyrst fram stuttu fyrir bæjarstjórnarfundinn síðastliðinn fimmtudag. Við í meirihlutanum töldum að það væri óverjandi að afgreiða málið á meðan óvissa væri um upplýsingarnar enda gæti slíkt kastað rýrð á ráðningarferlið. Því var afgreiðslunni frestað. Seinna kom þó í ljós að villan í gögnum Capacent hefði ekki haft áhrif á endanlega röðun umsækjenda. Við getum því á faglegum grundvelli lagt til að Margrét Halldórsdóttir verði ráðin í stöðuna,“ segir Eiríkur, og bætir því að boðað verði til bæjarstjórnarfundar um leið og Capacent skilar



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

inn greinargerð um ráðningarferlið og niðurstöðu þess.

Eiríkur harmar að deilur séu uppi um ráðninguna, en segir þó að mörgu leyti skiljanlegt að ekki sé sátt um málið. „Þegar tveir hæfustu umsækjendurnir eru

annars vegar aðalbæjarfulltrúi Í-listans og hins vegar fyrsti varamaður í bæjarstjórn hjá meirihlutanum, þá er ljóst að málið er pólitískt viðkvæmt. Það er ansi auðvelt að reyna skapa tortryggni um ráðninguna og leiða líkur að

því að flokkapólitík ráði för. Ég fullyrði hins vegar að fagleg vinnubrögð hafa ávallt verið höfð að leiðarljósi og enginn úr meirihlutanum hafi reynt að hafa áhrif á mat Capacent á umsækjendum,“ segir Eiríkur.



## smáar

Óska eftir ísskáp, þvottavél og frystikistu fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 588 6720 eða 846 4135.

Til leigu er 4ra herb. íbúð á efri hæð að Vitastíg 11 í Bolungarvík. Upplýsingar í síma 691 3115.

Er með Ford Ranger Double Cap árg. 2005 til sölu. Dísel pallbíll með húsi, beinskiptur, ekinn 88 þús. km. Er á heilsársdekkjum og með honum fylgir þjónustubók. Ásett verð er kr. 1,9 millj., en hann fæst gegn yfirtöku á láni upp á tæpa 1,5 milljón. Upplýsingar gefur Valur í síma 650 7766.

Óska eftir íbúð til leigu á eyrinni á Ísafirði. Upplýsingar í síma 866 1905.

Til sölu eru þrjár færeyskar skakrúllur. Upplýsingar gefur Óli í síma 848 1560.

Til sölu eru ný dekk á felgum. Stærð 255-50-20. Til í skipti eða hvað sem er. Upplýsingar í síma 862 7101.

**Ertu orðin(n)  
áskrifandi?  
Síminn er  
456 4560**



**Hljóðvarnargler  
Dregur úr  
hljóðmengun.**

www.samverk.is  
samverk@samverk.is

**Tónlistarhátíðin Við Djúpið verður haldin í níunda sinn á Ísafirði nú í sumar. Frá því að hún var sett á laggirnar af Guðrúnu Birgisdóttur og Péttri Jónassyni hefur hátíðin breyst og þróast með aðkomu nýs fólks og nýrra hugmynda. Dagný Arnalds er í hópi þessa nýja fólks, en hún stýrir nú hátíðinni ásamt Greipi Gíslasyni. Hún sagði blaðamanni frá þessari sérstöku hátíð og margþættri aðkomu sinni að blómlegu tónlistarlífi á Vestfjörðum.**

# Hver er sinnar gæfu smiður

## Byggja á góðum grunni

Síðustu ár hefur Greipur Gíslason haft veg og vanda af skipulagi hátíðarinnar, sem ætíð er haldin í kringum sumarsólstöður, en Dagný lagði lóð sitt á vogarskálarnar í fyrsta skipti í fyrra. Hún segir að þrátt fyrir að hátíðin hafi tekið ýmsum breytingum sé þungamiðjan þó hin sama og í upphafi.

„Umgiörðin hefur í raun alltaf verið sú sama. Hún felst í tónleikahaldi og námskeiðum ætluðum tónlistarnemendum,“ útskýrir Dagný. „Yfirleitt er boðið upp á þrjú aðalnámskeið, en það er misjafnt á milli ára hvaða námskeið eru í boði. Í fyrra var til dæmis boðið upp á söng, fiðlu og píanó en nú er það fiðla, píanó og selló. Það komast í rauninni ekki mjög margir nemendur að á sjálfum námskeiðunum þó fólki sé frjálst að koma og hlusta á það sem fram fer. Þannig fær hver nemandi góðan tíma með kennaranum og við leggjum líka mikla áherslu á að krakkarnir hafi gott aðgengi að hljóðfærum og stofum til að æfa sig. Meginmarkmiðið er að fá góða listamenn til

leiks og að nemendurnir fái virkilega að njóta sín undir handleiðslu þeirra“ segir hún.

Auk námskeiðanna er boðið upp á veglega tónleikadagskrá, sem er öllum opin, með hádegis- og kvöldtónleikum alla daga hátíðarinnar. Allir kennarar halda einleikstónleika á meðan á hátíðinni stendur og auk þeirra koma hinir ýmsu listamenn fram. „Það er náttúrulega stórkostlegt að fá að halda tónleika í Hömrum og flestir tónleikanna eru þar, en við höfum líka haldið tónleika vítt og breitt um bæinn, þar á meðal í Edinborgarhúsinu, í kirkjunni, í Neðstakaupstað og grunnskólanum. Okkur finnst svo gaman að geta á þann hátt sýnt fólki það sem er einmitt svo sérstakt hérna; það er nánast hljóðfæri að finna í öðru hverju húsi. Hér er alveg ótrúlega traustur grunnur í tónlistarlífinu, og við byggjum svo beint á honum. Allur aðbúnaður er í raun alveg frábær. Ég finn alveg að fólki sem kemur að utan finnst ótrúlegt að í svona litlum bæ skuli til dæmis vera til svona flottur flygill og frábær tónleikasalur, Hamrar, flygill í grunnskólasalnum og vítt

og breitt um bæinn og fullkomið hljóðver,“ telur hún upp. „Þetta er mjög sérstakt og fólk tekur eftir því.“

Bækistöðvar hátíðarinnar eru í Tónlistarskóla Ísafjarðar, þar sem námskeiðin fara fram, en hún hefur hins vegar líka aðstöðu í Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar og Edinborgarhúsinu. „Við skipuleggjum líka hádegistónleika í samstarfi við Háskóla-setrið, en þeir tónleikar eru svona með fræðsluáfalli, sambland af tónlist og spjalli. Tónlistarfélagið kemur líka að tónleikahaldinu með okkur og fjölmargir leggja okkur lið á einn eða annan hátt. Samvinnan hefur verið alveg frábær og sýnir bara hvað fólkið hérna er jákvætt og til í slaginn,“ segir Dagný.

## Stefna á tangótónleika

Kennararnir sem sækja Við Djúpið heim að þessu sinni eru alls ekki af verri endanum. „Þetta eru frábærir listamenn,“ segir Dagný. Erlendir kennarar eru Alessio Bax, ítalskur píanóleikari, og Kurt Nikkanen, amerískur fiðluleikari af finnsku bergi

brotinn. „Þeir eru svo báðir mjög vel geftir, því konurnar þeirra eru báðar konsertpíanistar og ætla að koma og taka þátt í dagskránni líka,“ segir Dagný frá. „Svo kom á daginn að þau eru öll miklir tangóaðdáendur, alveg eins og ég, þannig að við ákváðum að skella í eina flotta tangótónleika líka,“ segir hún ánægð.

Sæunn Þorsteinsdóttir sellóleikari er þriðji og síðasti kennarinn. Hún kemur frá New York, með „fríðu föruneyti“, að sögn Dagnýjar. „Auk þess að kenna sellónámskeiðið er Sæunn meðlimur óbókvartetts sem tekur þátt í hátíðinni, en óbókvartett samanstendur af fiðlu, víólu, sellói og óbói. Við hlökkum mikið til þess að fá þau til okkar, enda stórkostlegir hljóðfæraleikarar á ferðinni“ segir hún og brosir. Kvartettinn tekur þátt í öðrum hluta hátíðarinnar, sem nú verður haldin í þriðja sinn.

„Það er tónskáldaverkefnið, sem er mjög skemmtilegt. Ung tónskáld, sem eru að taka sín fyrstu skref á þeirri braut og hafa ekki fengið verkin sín flutt af atvinnuhljóðfæraleikurum annars staðar en í skólaumhverfi,

# Prælahald lánastofnana

## Stakkur skrifar >

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Íslendingar búa við norræna velferðarstjórn. Það fær okkur öll til að liða betur. Við vitum að ríkisstjórnin lætur sér annað um velferð okkar allra, Íslendinga. Margt hefur verið skorið niður og nú vantar lækna á Íslandi, en í janúar á þessu ári voru 509 íslenskir læknar búsettir erlendis. Undir lok síðasta árs störfuðu 1146 læknar hérlendis upplýsir landlæknir. Þeim hafði þá fækkað um 21 frá árinu áður. Eftirtektarvert er að læknum með lögheimili á Íslandi sem starfa erlendis hefur fjölgað. Svo var ekki fyrir fimm árum. Nýtt er að íslenskir læknar búsettir á Íslandi sækja sér laun til annarra landa. Skýringin hlýtur að vera sú að launin fyrir læknisstörf séu of lág á Íslandi. Þá er miðað við meðaltal. Læknar sem aðrir Íslendingar þurfa að greiða skuldir sínar við banka og lánastofnanir.

Ríkisstjórn og Alþingi hafa rætt margt og mikið í rúm tvö og hálf ár um hrúnið sem svo er nefnt. Stóru viðskiptabankarnir þrír hrundu líkt og spilaborgir af þeirri einföldu en svívirðilegu ástæðu að stjórnendur þeirra og eigendurugu úr þeim fé á þess að nokkur rök væru fyrir hendi önnur en græðgi og enn takmarkalausari græðgi þegar við átti. Stjórnendur hafa ekki enn verið látnir sæta refsiaðbyrgð, þrátt fyrir að sett hafi verið á fót stofnun sem skal rannsaka og ákæra vegna fjármunabrota er leiddu til falls banka og sparisjóða. Nýir bankar voru settir á fót, NBI hf. sem tók yfir starfsemi Landsbankans, Arionbanki sem er arftaki Kaupþings og Íslandsbanki sem tók yfir

Glitni og fékk sitt gamla nafn og hélt stjórnendum sínum að mestu. Hinn fyrsti fékk 122 milljarða, næsti 47 milljarða og síðasttaldir 22 milljarða til nýs framhaldslífs. Allt féð kemur beint úr ríkissjóði, vasa skattgreiðenda, sem nú skulu greiða hærri skatta af lægri launum en fyrr.

Bankarnir yfirtóku skuldir gömlu bankanna, forvera sinna, á kostakjörum, sem lítið er rætt um. Sett var upp stofnun til að hugsa um skuldara. Greinilega var bönkum ekki treyst til að greiða úr þeim málum hjálparlaust. Eftir stendur að þeir sem skulda skulu greiða, einkum þeir sem ekki söguðust í óráðsú í boði gömlu bankanna. Enn starfar þar að mestu sama fólkið og fyrr. Vonlaust virðist fólki sem reynt hefur að standa í skilum og greitt afborganir og vexti að fá nokkra eftirgjöf. Stórskuldarar sýnast í betri málum og eiga auðveldara með samninga en skilvísa fólkið sem ekkert fær gefið til að létta sér lífið.

„Þú getur borgað!“ segir bankinn við þá, en hlífir hinum með aðstoð sérstakrar stofnunar, sem ekki vilja borga og geta notað aflafé sitt til að njóta lífsins meðan þeir skilsömu þræla í boði banka og lánastofnana. Til eru dæmi um ótrúlegar eftirgjafir til ósvífínna meðan aðrir geta ekkert veitt sér af því þeir þræla fyrir bankann. Stjórnmalamenn verða að opna augun og sjá þetta misrétti og leiðréta.



geta sótt um hjá okkur. Þau senda brot úr verkum sínum til okkar og dómnefnd fer svo yfir þau. Í ár komst dómnefndin að því að hingað kæmu tveir Svíar, Anton Svanberg og Sebastian Ingvarsson, og svo hinn ísfirski Halldór Smáráson. Þeim er falið að semja verk fyrir þennan kvartett, sem æfir verkið úti. Svo koma allir hingað og þau æfa saman í viku. Strákarnir fá að vera viðstaddir æfingarnar allan tímann og fullvinna verkin með hljóðfæraleikurunum og svo endar þetta á hátíðartónleikum,“ útskýrir Dagný.

Hún segir þetta fela í sér frábært tækifæri fyrir ung tónskáld. „Þeir fá mikla reynslu með því að vinna svona náði með flytjendunum. Þessi nánd er líka það sem einkennir hátíðina, hún er alveg sérstök. Fólk lifir og hrærist saman í heila viku og það skapast mjög sérstök stemning fyrir vik-ið,“ segir Dagný. Daníel Bjarnason hefur yfirumsjón með tónskáldaverkefninu og verður tónskáldunum innan handar. Verkefninu lýkur á því að verk tónskáldanna verða flutt á tónleikum, sem Rúv útvarpar. Lokahnykkur hátíðarinnar, sem stendur yfir frá 21. til 26. júní, eru hins vegar nokkurs konar magasín-tónleikar, þar sem allir flytjendur taka þátt og verður þeim útvarpað beint.

### Tónlistin ekki eina köllunin

Dagný hefur í nógu öðru að snúast líka. Hún fluttist með fjölskyldu sinni til Flateyrar fyrir um tveimur árum, en maður hennar, Kristján Torfi Einarsson, er fæddur og uppalinn í bænum. Sjálfkemur Dagný úr mikilli tónlistarfjölskyldu. Systir hennar, Ólöf Arnalds, er að til að mynda ekki óþekkt í íslensku tónlistarlífi. „Klara systir okkar er líka mikil tónlistarkona, þó að hún gefi sig nú ekki út fyrir það og sé meira í myndlistinni,“ segir Dagný og brosir.

Afi Dagnýjar, Jóhann Tryggvason, var píanókennari, og móðursystir hennar, Þórunn Ashkenazy, er mörgum kunn. Það var alltaf mikil tónlist á æskuheimili Dagnýjar. „Mamma lærði nú reyndar aldrei neitt að ráði á hljóðfæri, en hún var alltaf í kór og söng mikið. Eiginlega alveg út í eitt,“ segir Dagný og hlær við. „Pabbi hlustaði líka alltaf mikið á tónlist. Við systurnar ól-umst upp við klassíska tónlist, lærðum allar á hljóðfæri og erum eiginlega svolítið „amish“. Við sáum til dæmis aldrei Star Wars og þurftum hreinlega að taka okkur tíma í að kynna okkur popptónlistarsöguna,“ segir hún brosandí.

Dagný lauk námi frá píanó-kennaradeild Tónlistarskólans í

Reykjavík, en segist hins vegar ekki alltaf hafa verið viss um að það væri það sem hún ætti að leggja fyrir sig og gera að ævi-starfi sínu. „Mér fannst alltaf gaman að kenna en áhuginn liggur mjög víða og þetta var alls ekki þannig að tónlistin væri mín eina köllun í lífinu. Hins vegar sé ég það núna að þetta var alveg hárrétt ákvörðun - að einbeita mér að henni. Ég er mjög fegin að ég gerði það og sé alltaf betur og betur hvað þetta á vel við mig,“ segir hún.

Hún kveðst þó ekki hafa haft hug á að stefna að því að verða konsertpíanisti. „Það útheimtir mjög mikinn metnað og sjálfsaga sem kemur af brennandi áhuga. Það var ekki braut sem mig langaði endilega að fara. Ég veit ekki hvort ég hefði átt neitt í það,“ segir hún og brosir. „Ég er alls ekki viss um að það hefði hentað mér. Mér finnst gaman að koma víða við.“

### Kórinn magnað hljóðfæri

Hún hefur líka svo sannarlega komið víða við og er með marga bolta á lofti þessi misserin. „Ég kenni á píanó við Tónlistarskóla Ísafjarðar, bæði á Ísafirði og á Flateyri, því hér er núna útibú frá honum,“ segir Dagný. „Í fyrra var ég bara að kenna á Flateyri, en mér finnst alveg frábært að vera líka á Ísafirði núna. Það gerir manni svo gott að hitta fólk sem er að vinna við það sama og maður sjálfur og fá þannig innblástur,“ segir hún.

„Ég er líka með yngsta bekkinn í grunnskólanum hérna á Flateyri í tónlistartímum tvisvar í viku og svo stofnaði ég kór í skólanum síðasta haust,“ segir Dagný frá. „Hann er alveg frábær. Þar eru allir nemendur skólans saman, eldri krakkarnir sjá um þá yngri og þetta er bara eins og ein stór fjölskylda. Það er kannski dálítill áskorun að finna efni sem passar fyrir aldurinn sex til fimmtán ára, en þetta hefur gengið alveg ótrúlega vel. Þau eru líka svo flott krakkarnir, opin fyrir því að prófa alls konar hluti,“ segir hún.

Þar fyrir utan er hún með kirkjukór Flateyrarkirkju og Holtssóknar. „Það er nú bara eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert á ævinni. Mér finnst það alveg æðislegt,“ segir Dagný, sem hafði ekki unnið mikið með kórum áður en hún tók kirkjukórinn upp á arma sína. „Ég hef hins vegar alltaf haft gaman af kórum og verið í kór sjálf, en þetta er í fyrsta skipti sem ég held sjálf í sprotann,“ segir hún og brosir.

„Ég lærði söng og var mikið að spekulera í honum líka. Mér finnst þess vegna alveg ofsalega gaman að fá að sameina þetta tvennt, fá að spila undir með söngvurum og svona. Kór er líka alveg magnað hljóðfæri og það



er svo gaman að sjá framvinduna. Svo er fólkíð svo skemmtilegt. Við höfum ekki tekið okkur kaffipásu á síðustu tveimur æfingum og ég er farin að sakna þeirra mikið,“ segir Dagný brosandí. „Þetta er ótrúlega flott starf og gaman. Ef einhvern langar að vera með er hann svo alveg hjartanlega velkominn, okkur vantar raddir,“ bætir hún við.

### Frá Spáni til Flateyrar

Eftir að Dagný lauk píanó-kennaranámi hélt hún til Frakklands til frekar náms. „Ég lagði þá áherslu á kennslu og hvernig hægt er að nota spuna og skapandi aðferðir í henni,“ útskýrir Dagný. Eftir heimkomuna til Íslands eignaðist hún son sinn, Einar, og kenndi í kjölfarið heima auk þess að taka þátt í námskeiðahaldi. Síðan lá leiðin til Spánar.

„Það var í rauninni langþráður draumur minn. Ég er nefnilega ótrúlega veik fyrir tungumálum og langaði mikið að læra spænsku vel. Ég hafði líka haft augastað á borginni Granada, eiginlega alveg frá því að ég heyrði af henni fyrst. Örlögin tóku einhvern veginn í taumana og ég fékk tækifæri til þess að fara að kenna á Spáni, í Granada meira að segja,“ segir Dagný frá. „Spænsk vinkona mín úr skólanum í Frakklandi ákvað að flytja til Granada. Hún komst að því að það vantaði kennara og ég mætti bara til leiks, sótti um og fékk starfið, svo við fluttum. Við vorum úti í tvö ár, sem var alveg stórkostlegt. Þegar við komum heim aftur var ég ófrísk að dóttur minni og við ákváðum að sæta lagi og prófa að flytja vestur. Við sjáum nú aldeilis ekki eftir því,“ segir Dagný.

„Það er sérstakt að vera hérna. Hér er hver sinnar gæfu smíður, maður getur eiginlega hagað hlutunum eins og maður kys. Tækifærin eru alls staðar, finnst manni. Maður getur bara fengið að taka þátt í því sem maður vill,“ segir hún.

„Sú hugmynd um að maður sé í einangrun, einhvern veginn rofinn frá því sem er á seyði, er líka kolröng. Það er alls ekki þannig, fólk er alveg ótrúlega aktíft hérna og alltaf eitthvað í gangi. Svo er þetta líka dálítið eins og að vera milljónamæringur. Við erum til dæmis nánast með sundlaugina í garðinum hjá okkur. Og sjóinn, hann er bókstaflega í garðinum,“ bætir hún brosandí við.

Upplýsinga um dagskrá og annað sem viðkemur hátíðinni Við Djúpið má afla sér á síðunni viddjupid.is.

– Sunna Dís Másdóttir.





# Ný plata frá Fjallabráðrum

Vestfirski stuðkórinn Fjallabráður er að undirbúa nýja plötu sem kemur út fyrir næstu jól ef allt gengur að óskum. Stutt er síðan Fjallabráður sungu með Táknmálaskórnunum á opnunarhátíð Listar án landamæra. „Það var alveg ótrúlega gaman. Maður kann ekkert í táknmáli og er að kynnst þessu í fyrsta skipti. Það var ótrúlega gaman að horfa á lögin sín. Þetta er fallett tungu-

mál,“ safði Halldór Gunnar Páls-son kórstjóri í samtali við Fréttablaðið.

Fjallabráður hafa einnig barnakór á sínum snærum og til stendur að taka upp aðra plötu með honum. „Það er ekki verið að stefna á stóra útgáfu á því. Það er bara verið að safna minningum,“ segir Halldór. Í kórnum eru krakkar á aldrinum fimm til fjórtán ára.

– thelma@bb.is

Krossgáta *Catalina* og Vestfirðinga. Höfundur: Hafliði Magnússon frá Bíldudal.

|                       |                               |       |                     |                             |                     |                       |                 |               |                 |
|-----------------------|-------------------------------|-------|---------------------|-----------------------------|---------------------|-----------------------|-----------------|---------------|-----------------|
| H. M.                 | GYÐ-<br>INGA-<br>MORAIN       | BYLUR | BORS                | LIT-<br>TRÉ-<br>SMÍÐ-<br>UR | TÖLVU-<br>SKEYTI    | RÖTAR-<br>TAUG-<br>AR | TVÍ-<br>HLJ.    | PEN-<br>INGAR | GRJÖT-<br>MRUGA |
| →                     |                               |       | ↗                   |                             |                     |                       | ↘               |               |                 |
| DUGN-<br>ADUR-<br>INN |                               |       |                     |                             | FUGL<br>FORS.       |                       |                 |               |                 |
| TALA                  | GREIN-<br>ARGERÐ<br>STAFUR    |       |                     |                             |                     |                       |                 |               |                 |
| Ó-<br>SKEMM-<br>DI    |                               |       |                     |                             | FLÝTI               |                       |                 |               |                 |
| BJÖR-<br>AR-<br>VISST |                               | ↓     | ÚR<br>KOMA<br>UNDIR |                             | EINS<br>UMT-<br>SAR |                       |                 |               | GRÍKK-<br>UR    |
|                       |                               |       |                     | TÖNN<br>SAMHL.              | TALA<br>LITA        |                       | SAMHL.<br>KEYRA |               |                 |
| TALA                  | FJÖRU-<br>TIL-<br>ARA<br>TÖNN |       |                     |                             |                     |                       |                 |               |                 |
| FERÐA-<br>MATUR       |                               |       |                     | FUGL                        |                     |                       | TÖNN<br>FLJÓT   |               |                 |
|                       | VIGT                          |       | JURT                |                             | ANDI                |                       |                 |               |                 |
|                       | EINS<br>UM-<br>I              |       |                     | SAM-<br>HL.                 |                     | ↘                     |                 |               |                 |
|                       |                               | EINS  |                     |                             | TÖNN                |                       |                 |               |                 |
|                       |                               |       |                     | TÖNN                        |                     | TUNN-<br>UNA          |                 |               |                 |
|                       |                               |       |                     | LITA                        |                     |                       |                 |               |                 |
|                       |                               |       |                     | FORS.<br>HJÚP<br>ÆFI        |                     |                       |                 |               |                 |
|                       |                               |       |                     | FAG                         | TÖNN                |                       |                 |               |                 |

## Sólsteinar nýr aðalstyrkt-araðili yngri flokka BÍ88

Yngri flokkar Boltafélags Ísa-fjarðar hafa fengið nýjan styrkt-araðila. Skrifað var undir sam-  
starfssamning milli steinsmiðj-  
unnar Sólsteina og unglingaráðs  
BÍ88 í síðasta mánuði og þar  
með verða Sólsteinar aðalstyrkt-  
araðili yngri flokka félagsins  
næstu ár. Merki Sólsteina verður  
hér eftir framan á öllum keppn-  
isbúningum yngri flokka BÍ/Bol-

ungarvíkur.

Svavar Þór Guðmundsson for-  
maður BÍ88 og Brjánn Guðjóns-  
son framkvæmdastjóri Sólsteina  
skrifuðu undir og staðfestu samn-  
inginn á aðalfundi BÍ88. For-  
varsmenn BÍ/Bolungarvíkur sjá  
nú fram á að yngri flokkar og  
meistaraflokkur félagsins muni  
klæðast eins keppnisbúningum.

– thelma@bb.is

### Lausn á síðustu krossgátu

|              |              |                 |                         |                      |                        |                       |                       |                     |            |                          |
|--------------|--------------|-----------------|-------------------------|----------------------|------------------------|-----------------------|-----------------------|---------------------|------------|--------------------------|
| SAM-<br>TALA | LÖST         | →               | TRAY-<br>RAR<br>ATT     | TANGI                | BÖRGI                  | FYS                   | SJÓN-<br>BLER<br>TÖNN | →                   | VIT-<br>UM | H.                       |
| 0            | TALA         | D               | Ö                       |                      |                        |                       |                       |                     |            |                          |
| G            | L            | A               | Ð                       | S                    | T                      | →                     | Y                     | F                   | I          | R                        |
| ●            | N            | R               |                         | FISKS<br>VERSU<br>UN | A                      | L                     | S                     | NASA-<br>HCLA       | N          | Ö                        |
| →            | I            | A               | I                       | TÖNN<br>ARETU<br>V.Ö | A                      | FYSN-<br>ARINNA<br>AR | SJÁDU                 | S                   | K          | O                        |
| MA-<br>RUM   | S            | E               | R                       | K                    | J                      | U                     | M                     | EDJA<br>KURL<br>IST | A          | U                        |
| SPU          | E            | L               | STOF-<br>UNUM<br>FISKUR | E                    | U                      | N                     | U                     | M                   | BANKI      | M                        |
| TALA         | V            | FATINNA<br>RIKI | L                       | A                    | K                      | I                     | N                     | U                   | ●          | SAMHL.<br>KVEN-<br>NAFNI |
| FERRA        | A            | L               | A                       | U                    | BOR-<br>GAL-<br>GIFT   | A                     | L                     | TVÍ-<br>HLJ.        | A          | U                        |
| TE-<br>FA    | R            | A               | N                       | I                    | TRULL<br>INGUR<br>NÖGL | Æ                     | Ð                     | I                   | Ö          | N                        |
| →            | O            | G               | →                       | K                    | R                      | I                     | S                     | T                   | I          | N                        |
| ATT          | S            | A               | MJUKU<br>TÖNN           | L                    | I                      | N                     | T                     | SAM-<br>AN          | T          | U                        |
|              | KÖNU<br>TALA | M               | O                       | N                    | U                      | FORS.                 |                       |                     |            |                          |
|              |              |                 |                         |                      |                        | G                     | M                     |                     |            |                          |



## Kjúklingalasagna og heimatilbúinn ís

Sælkeri vikunnar býður upp á kjúklingalasagna og heimatilbúinn ís. Enginn lasagna-unnandi ætti að vera svikinn af þessum rétti sem inniheldur m.a. tómata, basil, kotasælu og tvennskona ost. Í eftirrætt er svo heimatilbúinn ís.

### Kjúklingalasagna

500 g brytjaður kjúklingur  
1 dós niðursoðnir tómatar  
1 dós tomat púrra  
1 ½ msk söxuð steinselja  
1 ½ tsk salt  
1 tsk basil

200 g lasagna plötur  
2 dósir kotasæla  
1 egg, slegið saman  
¼ tsk pipar  
180 g mozzarella ostur  
¼ bolli parmesan ostur

Setjið kjúklinginn á pönnu og hrærið af og til í 5 mínútur. Setjið niðursoðnu tómata, tomatpúrruna, ½ tsk af steinseljunni og 1 tsk af saltinu í blandara og hrærið vel saman. Hrærið blöndunni saman við kjúklinginn á pönnunni og látið malla í 20 mínútur. Blandið saman í skál afganginum

af steinseljunni, afganginum af saltinu, kotasælunni, egginu og pipar.

Setja skal allt í eldfast mót. Fyrst kjúklinginn, kotasælu-blönduna, mozzarella ost, og síðan lasagna plöturnar, aftur kjúkling og síðan parmesan ost. Gott að bæta við venjulegum ost. Setjið í ofn við 200° hita í 30 mín.

### Ís

5 dl rjómi (stór)  
100 g púðursykur  
1 tsk vanillusykur



4 stk eggjarauður  
Nammi að eigin vali.

rjómann með sleif og setjið nammið út í.

Þeytið rjóma. Hrærið saman púðursykur, vanillusykurinn og eggjarauðurnar. Blandið við

Ég skora á Mörtu Páls-dóttur á Ísafirði að koma með uppskrift fyrir næsta blað.



Ólafur Friðbjarnarson og Jón Sveinsson.

## Fóru í götu-bætur í upp á sitt eindæmi

Hnífsdælingarnir Jón Sveinsson og Ólafur Friðbjarnarson tóku sig til í síðustu viku og fylltu í holurnar í Dalbrautinni í Hnífsdal með steypu. Eins og staðkunnugir vita var ástand götunnar bág.

„Við eigum eitthvað af sementi og þessa forláta steypuhrærivél og báðir atvinnulausir.“ Eitthvað verða menn að gera, sögðu þeir. „Menn hafa tapað dekkjum undan bílum sínum þegar þeir hafa ekið um þessa götu.“ Vonast þeir til að frumkvæðið verði til þess að bærinn lagfæri síðan fleiri götur í Hnífsdal.

– thelma@bb.is

## Sumar starfsmaður

Reglusaman og áreiðanlegan starfsmann vantar til sumarafleysinga í Vínbúð ÁTVR á Ísafirði frá 16. maí til 20. ágúst.

Nánari upplýsingar hjá verslunarstjóra í síma 456 3455.

**Smíðum sorpílátsfestingar fyrir tunnur og gáma!**  
**Sendum í póströfu hvert á land sem er!**

# SUÐA ehf

Öll suðuvinna & almenn járnsmíði  
www.suda.is • suda@suda.is • 897 9251

Litli Leikklúbburinn Ísafirði

## Aðalfundur

Aðalfundur Litla Leikklúbbsins verður í Edinborgarhúsinu miðvikudaginn 25. maí kl. 20:00.

### Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar
- Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
- Kosning stjórnar
- Önnur mál

Nýir félagar velkomnir á fundinn.

Stjórnin.



## ÓDÝRT ÚT Á LAND

Sendum hvert á land sem er, pakkin sýttur á næsta pósthús eða keyrður heim þar sem heimkeyrsla er í boði.

**SMÁVÖRUR UNDIR 0,2 M<sup>3</sup> 500 KR.**  
**STÓR TÆKI YFIR 0,2 M<sup>3</sup> 3.995 KR.**

Vefverslun ELKO.is – Símasala 575-8115



## TOP N+ ... betra gler

Gasfyllt gler, aukin einangrun.

Glerverksmiðjan Samverk ehf  
Eyjasandi 2, 850 Hella  
sími: 488-9000 • fax: 488-9001  
www.samverk.is • samverk@samverk.is



**NIVEA**

**NÝTT**



**GENGUR HRATT INN.  
KLÆDDU ÞIG STRAX.  
RAKI SEM ENDIST.**

**NÝTT NIVEA EXPRESS MOISTURISING BODY LOTION**

- 89% kvenna\* staðfestu að húðmjólkinn gengur hratt inn í húðina
- Einstök Hydra IQ formúlan styður við eigin rakaframleiðslu húðarinnar
- Ómótstæðileg húð allan daginn



**NIVEA**  
EXPRESS MOISTURISING  
Body Lotion



Extra fast absorbing &  
long-lasting moisture

NORMAL TO DRY SKIN

Sea Minerals  
250ml